



Det var dejligt! Guðmundur Guðmundsson fagnar eftir að lið hans hans sigraði Frakka í leik um gullverðlaun í handbolta á Ólympiuleikunum í Ríó í gærkvöld. Guðmundur, eða Gullmundur eins og hann er nú kallaður í Danmörku, er þriðji íslenski handboltþjálfari sem vinnur til verðlauna á leikunum. Áður höfðu Dagur Sigurðsson og Þórir Hergeirsson unnið brons með liðum sínum. Friðrik krónprins fagnaði með Guðmundi og danska landsliðinu í klefa í leikslok og færði Guðmundi hamingjukveðjur frá dönsku þjóðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fá lítið upp í ofurskuldir hjá LÍN

Tuttugu manns skulda nærri sjö hundruð milljónir í námslán hjá LÍN. Búist er við að um 90 milljónir fái endurgreiddar. Hæstan styrk fá þeir sem taka mest lán og borga minnst til baka að mati formanns LÍN.

**STJÓRNSÝSLA** Átta manns af tuttugu hæstu skuldurum LÍN hafa ekkert greitt af námsláninu sínu síðastliðin níu ár. Mest skuldar einstaklingur sem lauk doktorsnámi í Bandaríkjunum árið 2002 eða 48,3 milljónir króna.

Í nýrri ársskýrslu LÍN er birtur listi yfir þá tuttugu sem skulda sjöðnum mest og upplýsingar um núvirði lánanna. Að meðaltali býst lánasjóðurinn við því að fá 13,3 prósent skulda þessa skuldugasta hóps til baka og afskriftir nemi tæplega 600 milljónum króna.

„Þetta er allt fólk í doktorsnámi

eða mastersnámi með menntun frá Bandaríkjunum og Englandi, þar sem eru dýr skólagjöld. Svo þegar fólk er með einhver börn á framfæri þá er þetta fljótt að koma,“ segir Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN. Alls eru 93 prósent lánþega með minna en tíu milljónir króna í lán frá sjóðnum.

Jónas Friðrik Jónsson, formaður LÍN, segir að endurheimtuhlutfallið sé mjög lítið hjá þeim sem skulda mest. „Það er einn af göllum við núverandi námslánakerfi að styrkurinn er fyrst og fremst að fara til þeirra sem taka mjög há námslán.“

**Styrkurinn sem er einkennandi fyrir núverandi kerfi er að koma fram á endurgreiðslutímabilinu og mest til þeirra sem borga ekki.**

Jónas Friðrik Jónsson, formaður LÍN



Jónas segir að við núverandi kerfi sé styrkurinn til hvers lánþega ekki fyrirsjáanlegur. „Styrkurinn sem er einkennandi fyrir núverandi kerfi er að koma fram á endurgreiðslutímabilinu og mest til þeirra sem borga ekki.“

Hrafnhildur Ásta segir líkur til að þeir sem ekkert hafa greitt til sjóðsins síðastliðin níu ár séu líklega með undanþágu frá greiðslu vegna atvinnuleysis, veikinda eða séu í lánshæfu námi. Samkvæmt nýju frumvarpi til laga um LÍN verður að hámarki hægt að sækja um þriggja ára frest á endurgreiðslu. – snæ / sjá síðu 4

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um kvótakerfið. **16**

**SPORT** Sigursælir íslenskir þjálfarar. **16**

**TÍMAMÓT** Ætla sér að sannreyna sögu Flosa Freysgoða. **18**

**LÍFID** Nú þegar Ólympiuleikarnir eru afstaðnir er áhugavert að skoða það íþróttafólk sem vann hug og hjórtu áhorfenda. **28**



**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • FASTEIGNIR • FÓLK • FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

LJÓSLEIÐARI  
HJÁ NOVA

**100GB**

Netið hjá Nova **3.990 kr.**

Gagnaveitan, aðgangsgjald 2.580 kr.  
Leiga á netbeini 690 kr.

**Samtals: 7.260 kr.**

Hver 100<sup>GB</sup> umfram **990 kr.**

**1.000GB**

Netið hjá Nova **5.990 kr.**

Gagnaveitan, aðgangsgjald 2.580 kr.  
Leiga á netbeini 690 kr.


**Samtals: 9.260 kr.**

Hver 100<sup>GB</sup> umfram **990 kr.**

Stærsti skemmtistaður  
í heimi!

NOVA

## Veður



Eftir hæglætisveður fer aðeins að hreyfa vind, spáð er austan 5 til 10 metrum á sekúndu, en 13 til 18 í vindstrengjum allra syðst og einnig við Óræfajökul. Bjart veður norðan- og vestanlands, en þykkar upp og fer að rigna sunnanlands síðdegis og einnig á Austfjörðum í kvöld. Á höfuðborgarsvæðinu er bjartur dagur. **SJÁ SIÐU 20**

## Píratar samþykkja kvóta-uppboð

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Bjóða á upp allan kvóta, handfæraveiðar verða gerðar frjálssar og allur aflí fer á markað ef Píratar setjast í ríkisstjórn á næsta kjörtímabili. Ný sjávarútvegsstefna flokksins var samþykkt af flokksmönnum um helgina.

Í sjávarútvegsstefnunni kemur fram að Píratar telja mikilvægt að breyta fiskveiðikerfinu hér á landi og færa eigi auðlindir í náttúru Íslands aftur í hendur fólksins í landinu. Með það að markmiði vilja þau gera handfæraveiðar frjálssar þeim sem kjósa að stunda þær sem atvinnu. „Allur aflí skal fara á markað til að gera viðskipti með sjávarútvegsafurðir eðlilegri og bæta hag sjómanna, minni sjávarútvegsfyrirtækja og annarra fyrirtækja sem vinna með afleiddar afurðir,“ segir í stefnunni.

Stærsta breytingin yrði að öllum líkindum sú að aflaheimildir yrðu boðnar upp til leigu á opnum markaði og renni leigugjaldið í ríkissjóð. „Þetta er stefnan og það verður gert,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata. „Ég hef lagt ríka áherslu á það hjá mínum félögum að við setjum ekkert fram sem við getum ekki staðið við. Þetta verður ekki gert á einni nóttu heldur í áföngum,“ bætir Birgitta við. - sa

**Þetta verður ekki gert á einni nóttu heldur í áföngum**

Birgitta Jónsdóttir



## Komu fjölskyldunni til bjargar og buðu þeim gistingu



Hjónin Einar Magnússon og Bryndís Sævarsdóttir komu fyrst að slysinu í Vattarfirði á fimmtudag þar sem Calara-fjölskyldan, Francisco, Elma og Matthew hafði lent úti í sjó. Um það leyti sem Einar og Bryndís bar að var Elmu, sem er ósýnd, að takast að klöngrast upp í fjöru. Eftir að fjölskyldan hafði hvílst í Búðardal buðu Bryndís og Einar henni að gista hjá sér í Reykjanesbæ þar til þau kæmst heim til Bandaríkjanna. Einar segir að sterkur vinskapur sé að myndast með fjölskyldunni sem hefur boðið þeim hjónum að heimsækja sig til Bandaríkjanna við fyrsta tækifæri. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

## Banaslys á Þingskálavegi

**SLYS** Banaslys varð á Þingskálavegi, við Geldingalæk í Rangárvallasýslu, á laugardag. Maðurinn sem lést hét Óli Jóhann Klein og var 71 árs að aldri.

Í tilkynningu frá lögreglu segir að tvær bifreiðar, fólksbifreið og lítil sendibifreið, hafi skolið saman um klukkan hálf tvö á laugardag. Maðurinn sem lést ók fólksbifreiðinni en ökumaður sendibilsins var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á bráðamóttöku í Fossvogi.

Rannsóknardeild lögreglunnar á Suðurlandi fer með rannsókn á tildrögum slyssins en engar upplýsingar hafa verið gefnar út um þau enn sem komið er. Fjölmennt lið lögreglu, lækna, rannsóknarnefnd samgönguslysa, sjúkraflutningamanna og sérfræðings í bíltækni-rannsóknum var kallað á vettvang til að hlúa að hinum slasaða og hefja rannsókn. - snæ

## Segir formann reyna að bjarga eigin skinni

Grétar Þór Eypórsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir formann Framsóknarflokksins reyna að bjarga eigin pólitíska lifi með því að komast hjá flokksþingi í haust. Sigmundur Davíð greiddi atkvæði gegn því að flokksþing yrði haldið fyrir kosningar. Velferðarráðherra vill flokksþing sem fyrst.

**STJÓRNMÁL** Tvö kjördæmiþing Framsóknarflokksins um helgina samþykktu tillögu þess efnis að boða ætti til flokksþings fyrir kosningar þar sem ný forysta verður kosin. Sams konar tillaga var felld í kjördæmi formannsins þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson greiddi atkvæði gegn tillögu um að halda flokksþing fyrir kosningar.

Eygló Harðardóttir velferðarráðherra segir mjög marga í grasrót flokksins vilja sjá flokksþing fyrir kosningar og mikilvægt sé að forystan endurnýi umboð sitt. Eygló er sammála þeim aðilum sem hafa talað fyrir því að boða til flokksþings fyrir kosningar. „Framsóknarflokkurinn hefur alltaf haft gott af því að halda flokksþing fyrir kosningar þar sem linur eru lagðar,“ segir Eygló.

„Ég er í forystusveit flokksins og verði boðað til flokksþings þarf hver og einn að meta stöðu sína og hlusta á grasrótina,“ segir Eygló þegar hún er spurð að því hvort hún ætli að bjóða sig fram til formanns komi til flokksþings. „Nú er fókusinn á húsnæðismálunum og ég mun fara á Vesturland til að ræða húsnæðismál og þyrfti líka að fara til Akureyrar að ræða húsnæðismál,“ bætir Eygló við.

Formaður Framsóknarflokksins er með útspli sínu á kjördæmiþingi flokksins í norðausturkjördæmi að hugsa um eigin hag og sé í ferð að bjarga sínu eigin pólitíska lifi með því að komast hjá flokksþingi fyrir kosningar. Það sé svo álitamál hvort sú ferð fari saman við hagsmuni flokksins, segir Grétar Þór Eypórsson, prófessor í stjórnmálafræðum



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson greiddi atkvæði gegn tillögu um flokksþing í haust.

**Það er alveg á hreinu að Sigmundur og stuðningsmenn hans vilja ekki flokksþing fyrir kosningar.**

Grétar Þór Eypórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst



við Háskólann á Akureyri. Ljóst er að staða hans sé ekki mjög sterk á landsvísi.

„Það er alveg á hreinu að Sigmundur og stuðningsmenn hans vilja ekki flokksþing fyrir kosningar. Þess vegna er hann væntanlega að þæfa mál þannig að það verði ekki haldið flokksþing fyrir kosningar,“ segir Grétar Þór. „Þarna eru uppi átök og er Sigmundur Davíð að bjarga sínum pólitíska heidri með því að hrökklast ekki frá völdum sem formaður á flokksþingi.“

sveinn@frettabladid.is

**Gæði og glæsileiki**  
endalaust úrval af hágæða flísum

**Flísabúðin**  
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á Facebook

# 30% ALLAR SKÓLA & TÖLVU TÖSKUR! & TÖSKUR! VILDARAFLATTUR



Pennaveski  
Mia and Me  
**999**  
krónur



Talnagrind  
4 litir í boði  
**999**  
krónur



**199**  
krónur



Pennaveski  
Cut the rope  
**999**  
krónur



Reiknivél  
lítill  
**389**  
krónur



Blyantur  
Pluto gulur  
**78**  
krónur

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir 20. ágúst, til og með 22. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengr.

# Níu hundruð hjúkrunarfræðinga vantar til starfa á næstu árum

**HEILBRIGÐISMÁL** Á næstu árum mun heilbrigðiskerfið á Íslandi þarfnast um 900 hjúkrunarfræðinga en aðeins hluti þess fjölda útskrifast á hverju ári úr íslenskum háskólum. Staðan er alvarleg að mati Guðbjargar Pálsdóttur, formanns Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Samkvæmt mannföldaspám mun öldruðum fjölga mjög á næstu árum og áratugum og því munu umönnun- arstéttir eins og hjúkrunarfræðingar þurfa aukinn mannskap. Aldur hjúkrunarfræðinga er einnig það hár að á



Guðbjörg Pálsdóttir, formaður hjúkrunarfræðinga-félagsins

aðeins næstu þremur árum verður fjórðungur starfandi hjúkrunarfræðinga búinn að ná sextíu ára aldri og á þá rétt á töku lífeyris. „Við erum að vinna sameiginlega með HÍ og HA um að fjölga nemum en það sem strandar

á er fjármagn til starfsnáms sem er mjög dýrt,“ segir Guðbjörg.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga beinir því til stjórnvalda að auka við fjármagn til starfsnáms svo hægt sé að fjölga nemum. Ef fram heldur sem horfir mun þurfa að flytja inn hjúkrunarfræðinga. „Svo er spurning hvort við viljum það. Það sem skiptir mestu máli er að þeir kunni íslensku. Fólk í umönnunarstéttum verður að vera talandi á tungumálið sem fólkið sem þarf á þjónustunni að halda talar alla- jafna,“ segir Guðbjörg. - sa



900 nýja hjúkrunarfræðinga þarf til starfa á næstu árum.

# Skulda LÍN mest en hafa ekki borgað krónu til baka á 9 árum

Þeir tuttugu sem skulda LÍN mest skulda samtals 690 milljónir. LÍN býst við því að fá 92 milljónir til baka frá hópnum en restin verður í raun afskrifuð. Flestir í hónum luku námi fyrir meira en tíu árum og þar af tveir á síðustu öld. Framkvæmdastjóri LÍN segir að í kerfinu sé hvati til að taka sem lengst lán.

**MENNTAMÁL** Af þeim tuttugu sem skulda Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) mest hafa átta manns ekki borgað krónu til baka á síðastliðnum níu árum. Lánasjóðurinn gerir ráð fyrir að fá 13,3 prósent af heildarskuldum þessa hóps greidd til baka.

Þetta kemur fram í nýrri árskýrslu LÍN. Þar sést að heildarskuldur tuttugu hæstu lánþeganna nema 688,9 milljónum króna. Hópurinn hefur samtals borgað til baka 18,7 milljónir á síðustu níu árum en LÍN býst við því að fá 91,9 milljónir króna af skuldunum.

„Það þýðir um þrjátíu milljón krónur í styrk á mann. Það er einn af göllunum við núverandi námslána- kerfi að styrkurinn er fyrst og fremst að fara til þeirra sem taka mjög há námslán,“ segir Jónas Friðrik Jónsson, formaður LÍN.

Allir á listanum hafa verið við nám erlendis og tólf manns hafa fengið lán fyrir doktorsnámi. Sem dæmi má nefna að sá sem er í þriðja sæti á listanum yfir hæstu skuldara- na lauk meistaranámi árið 2003. Viðkomandi skuldar LÍN 40 milljón krónur en hefur ekki borgað krónu til baka á síðastliðnum níu árum. LÍN býst við því að alls fái 1,9 milljón krónur upp í skuldina.

„Við göngum ekki á ábyrgðar- menn nema lánið fari í vanskil. Það er ekki farið í vanskil ef hann hefur fengið undanþágu frá greiðslu, svo sem vegna atvinnuleysis, veikinda eða hefur verið í lánshæfu námi,“ segir Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN. Hún segir að þó hún hafi ekki skodað hvern einstakling fyrir sig á bak við



Langflestir nemendur Háskóla Íslands þurfa að greiða lán sín til baka að mestu en þeir sem fara í dýrt nám erlendis eru líklegir til að greiða hlutfallslega minna til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## 688,9

milljónir er heildarskuld hópsins

þessar tölur sé líklega um atvinnuleysi eða veikindi að ræða hjá þessum átta sem ekki hafa greitt krónu til baka síðastliðin níu ár. Í nýju LÍN frumvarpi sem menntamálaráðherra hefur mælt fyrir er aðeins hægt að fá undanþágu vegna atvinnuleysis eða veikinda í þrjú ár.

### Sá sem skuldar mest:

Lauk doktorsprófi frá Bandaríkjunum 2002

Skuldar  
**48,3**  
milljónir

Hefur borgað  
á sl. 9 árum  
**1,4**  
milljónir

Er líklegur  
til að borga  
**5,6**  
milljónir

Líkleg  
afskrift  
**42,7**  
milljónir

Hrafnhildur segir að þegar LÍN reikni út þá upphæð sem líklega verði greidd til baka sé aldur lánþega meðal annars tekinn inn í jöfnuna. Þeir sem lánasjóðurinn býst við að fá sem minnst frá eru því líklega elstir.

Það sé orðum aukðið að þetta fólk hafi fundið glufu á kerfinu. „Hins vegar er í kerfinu hvati til að vera sem lengst í námi og taka sem mest lán þegar þú ert á annað borð kominn með hátt lán. Ef þú ert kominn með lán upp á tíu til fimmtán milljónir þá borgar þú ekki meira af láninu þó þú skuldir mikið.“  
snaeros@frettabladid.is



Krófluvirkjun í Mývatnssveit.

## Raflínulagnir til Bakka stöðvaðar

**NÁTTÚRUVERN** Framkvæmdir við Þeistareykjalínu 1 og Kröflulínu 4 hafa verið stöðvaðar. Ákvörðun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þess efnis um að yfirvofandi lagning háspennulínu í lofti um Leirhnjúkshraun verði stöðvuð var tekin síðastliðinn föstudag.

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, segir þessa ákvörðun hafa neikvæðar afleiðingar í för með sér þar sem rafmagn þurfi að flytja frá Þeistareykjum á Bakka við Húsavík. „Stöðvun eins og þessi hefur mikil áhrif á framkvæmdirnar og mögulega stöndum við frammi fyrir því að geta ekki staðið við skuldbindingar okkar vegna Bakka og Þeistareykjavirkjunar. Framkvæmdirnar hafa farið í gegnum alla lögbundna ferla er snúa að umhverfismati og skipulagi,“ segir Guðmundur Ingi.

Landvernd byggði rök sín á því að friðlýsa beri Leirhnjúkshraun samkvæmt lögum um verndun Mývatns og Laxár, en friðlýsingu er enn ekki lokið.

Fyrirhugaðar loftlínur geta borið tífalda orkuþörf kvisilversins á Bakka. Því er svigrúm fyrir minni línur eða jarðstrengi en Landsnet hefur neitað að skoda slíkar útgáfur,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar. „Nýlegir dómur Hæstaréttar sýna að Landsnet uppfyllir ekki umhverfismatslög- gjöfina í verkum sínum. Fyrirtæki sem ber svo mikla ábyrgð getur ekki komist upp með slík vinnubrögð til lengdar.“ - sa



## TENNIS

er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.



Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

## Aldraðir ofgreiða tannlæknakostnað

**STJÓRNSÝSLA** Ríflega 23 þúsund aldraðir og öryrkjar greiddu rúmlega tvöfalt meira í tannlæknakostnað í fyrra en reglugerð heilbrigðisráðherra kveður á um. Sjúkratryggingar vantar um 800 milljónir króna á ári til að geta leiðrétt muninn.

Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær. Reglugerð heilbrigðisráðherra sem kveður á um endurgreiðslu til þessara hópa var sett árið 2013. Henni fylgdi aftur á móti ekki aukin fjárveiting til Sjúkratrygginga Íslands til að mæta þessum kostnaði og því er miðað við gjaldskrá sem Sjúkratryggingar hafa sett til viðmiðunar um tannlæknakostnað.

„Sú gjaldskrá hefur hins vegar ekki hækkað síðan árið 2004. Hún dregst því alltaf meira og meira aftur úr verðlagningu hjá tannlæknum,“ segir Reynir Jónsson, tryggingayfirtannlæknir hjá Sjúkratryggingum Íslands.

Langveikir öryrkjar og aldraðir



Reynir Jónsson, tryggingayfirtannlæknir hjá Sjúkratryggingum Íslands, segir að fjármagn vanti til að framfylgja reglugerð um endurgreiðslu. MYND/STÖÐ2

sem áttu rétt á 100 prósent endurgreiðslu samkvæmt reglugerðinni fengu aðeins 43 prósent af kostnaði endurgreiddan. Öryrkjar og aldraðir sem áttu rétt á 75 prósent endur-

greiðslu fengu aðeins 28 prósent endurgreitt í fyrra og öryrkjar og aldraðir sem áttu rétt á 50 prósent endurgreiðslu fengu aðeins 19 prósent af kostnaði endurgreiddan. - gag



**RENAULT**  
Passion for life

# Mest seldu sendibílar Evrópu í 18 ár



## KÍKTU Í KAFFI OG REYNSLUAKTU

Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault sendibíl og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault.

### RENAULT KANGOO, DÍSIL 1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL

Verð: 2.330.000 kr. án vsk.  
2.890.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 4,3 l/100 km\*

### RENAULT TRAFIC, DÍSIL 1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL

Verð frá: 3.218.000 kr. án vsk.  
3.990.000 kr. m. vsk.

Eyðsla frá 6,5 l/100 km\*

### RENAULT MASTER, DÍSIL 2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL

Verð frá: 3.992.000 kr. án vsk.  
4.950.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 7,8 l/100 km\*

[www.renault.is](http://www.renault.is)

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



# Margir verða fyrir ofbeldi á internetinu

13 prósent Íslendinga segjast hafa verið þolendur í afbroti á netinu á síðustu þremur árum samkvæmt nýrri rannsókn Helga Gunnlaugssonar prófessors.

**SAMFÉLAGSMÁL** Alls þrettán prósent Íslendinga á aldrinum 18-76 ára segjast hafa orðið fyrir netbroti á síðustu þremur árum. Algengast er að hafa orðið fyrir meiðyrðum eða rógburði, eða 33 prósent allra þeirra sem urðu fyrir netbroti.

Að sama skapi hafði fjórðungur svarenda heimsótt klámsíður á sama tímabili. Einnig sögðust þrettán prósent svarenda hafa orðið þolendur afbrots á netinu á síðustu þremur árum. Þá var algengt að nefna fjársvik og kreditkortasvindl.

Rannsóknin var gerð af Helga Gunnlaugssyni, prófessors í félagsfræði við HÍ, og Jónasi Orra Jónassyni, félagsfræðingi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, í samvinnu við Félagsvísindastofnun HÍ. Það sem einnig kemur fram er að eftir því sem einstaklingur notar netið meira, því líklegur er að hann verði fyrir einhvers konar netbroti.

„Áhugavert er að skoða þolendur netbrota. Netbrot eru býsna algeng og bara það að brotin séu nefnd, eins og að rógi og meiðyrðum sé dreift um þá á netinu, sýnir að mönnum er ekki sama,“ segir Helgi. „Svo ekki sé minnst á fjársvik, hótanir um ofbeldi eða kynferðislega áreitni sem sannarlega hefur áhrif á þolendur.“

Mikið hefur verið rætt um hugmyndir innanríkisráðherra um nýja netbrotadeild lögreglunnar. Ljóst

**Niðurstöðurnar um ólöglegt niðurhal eru sláandi og sýna svart á hvítu að lífsstill og hugsunarháttur unga fólksins er töluvert frábrugðinn hinna eldri**


Helgi Gunnlaugsson prófessor



er að afbrot á netinu miðað við núverandi lagaramma eru gríðarlega útbreidd meðal ungs fólks og því líklegt að deild innan lögreglunnar sem ætti að rannsaka niðurhal myndi fyrst og fremst beinast að ungu fólki.

„Niðurstöðurnar um ólöglegt niðurhal eru sláandi og sýna svart á hvítu að lífsstill og hugsunarháttur unga fólksins er töluvert frábrugðinn hinna eldri og kominn langt út fyrir það sem hefðbundin löggjöf heimilar og gerir ráð fyrir,“ segir Helgi. „Unga kynslóðin hefur vaxið fram úr lagarammanum og áleitinn spurning hvernig bregðast eigi við. Á að berja ungdóminn inn í hefðbundinn lagaramma eða verður að breyta löggjöfinni á einhvern hátt til að mæta þessum nýja tæknilega veruleika?“ bætir Helgi við. [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)

## Þjóðarsorg í Tyrklandi



Íbúar tyrknesku borgarinnar Gaziantep eru í losti eftir sjálfsmorðsárás á laugardagskvöldið. Hundruð manna mættu í gær í jarðarfarir hjá fórnarlömbum árársinnar. Þjóðarsorg hefur verið lýst yfir í landinu. Allir helstu þjóðarleiðtogar heims hafa fordæmt árásina. MYND/EPA



Gera má ráð fyrir að um eitt hundrað þúsund manns brjóti af sér reglulega á netinu.

## Fyrirtæki Trumps skulda tugmilljarða

**BANDARÍKIN** Fyrirtæki í eigu Donalds Trump, forsetaefnis repúblikana í komandi forsetakosningum í Bandaríkjunum, skulda samtals yfir 76 milljarða íslenskra króna. Trump hefur í kosningabaráttu sinni farið mikinn og talað um eigið ágæti sem viðskiptamaður og segist á ferli sínum hafa grætt milljónir dollara og sé fullkomlega laus við skuldir. Fjallað er ítarlega um málið í rannsókn á veggum New York Times sem birtist í gær.

Rannsóknin leiddi einnig í ljós að

meðal fjárfesta í fyrirtækjum Trumps eru stofnanir sem hann hefur opinberlega talað gegn í kosningabaráttu sinni. Þar mætti helst nefna seðlabanka Kína, sem Trump hefur sagt vera eina stærstu ógn sem stafi að fjármálaumhverfi Bandaríkjanna í dag, og Goldman Sachs fjárfestingabanka sem hann hefur ásakað um að stjórna mótframbjóðanda sínum, Hillary Clinton.

Þá kemur einnig fram að mikil leynd ríki yfir persónulegum fjármál-

um Trumps. Til dæmis hefur forsetaframbjóðandinn neitað að gefa upp eigið skattframtal og einnig lagst gegn því að hlutlaus aðili meti eignir hans.

Sem forseti myndi Trump hafa talsverð völd þegar kæmi að fjármála- og skattalöggjöf Bandaríkjanna, en þannig gæti hann haft bein áhrif á eigið viðskiptaveldi. Þá gæti hann einnig haft áhrif á lög sem tengjast beint hans eigin fé, sem og eiga í samskiptum við lönd sem hann á í persónulegu viðskiptasambandi í.

## Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki

Eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og ferskum fiski.

- ★ Veitingastaðir
- ★ Stóreldhús
- ★ Mötuneyti

@ hafid@hafid.is

554 7200



Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13  
Sími 554 7200 | [facebook](https://www.facebook.com/hafid)



Viltu vinna iPhone 6s eða Samsung Galaxy S7?

Taktu þátt í skemmtilegum leik á facebooksíðu Hagkaups.



379kr

Vasareiknir



JEVA Beckmann og PULSE  
skólatöskur í miklu úrvali

30%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
SKÓLATÖSKUM



199kr

Reiknisbók og stílabók  
A4 70 bls.



269kr

Blý 0,5 HB



299kr

Blýantar HB 12 stk.



289kr

Litir 12 stk.



verð frá  
139kr

Reglustika sveigjanleg



479kr

Bréfabindi 8 cm.



349kr

Artline penni 0,2, 0,4 og 0,6

Gildir til 22. ágúst á meðan birgðir endast. Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni, Skeifunni og á hagkaup.is, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eidoistorgi.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

## 36 manns hengd á einum degi í Írak

**ÍRAK** Yfirvöld í Írak hafa gefið það út að 36 hafi verið hengdir í tengslum við fjöldamorðin á hundruðum hermanna sem héldu sig fyrir norðan Bagdad fyrir tveimur árum. Þetta er mesti fjöldi sem yfirvöld hafa tekið af lífi á einum degi í Írak frá því að Íslamska ríkið tók yfir stjórn í norður- og vesturhluta landsins árið 2014.

Hengingarnar fóru fram í fangelsi í borginni Nasirya sem er í suðurhluta landsins.

Talið er að allt að 1.700 hermenn hafi verið myrtir fyrir tveimur árum eftir að hafa flúið Speicher-herstöðina, sem var áður undir stjórn bandaríska hersins.

Yfirvöld í Írak höfðu verið undir mikilli pressu um að taka af skarið og aflifa þá sem báru ábyrgð á fjöldamorðunum eftir að stór sprengja sprakk á vinsælli verslunargötu fyrir í sumar og drap að minnsta kosti 324 manns.

Samkvæmt Íslamska ríkinu er það mannskæðasta árs þar í landi frá árinu 2003. Eftir sprengingarnar sagði dómsmálaráðherra Íraks að 45 aftökur hefðu verið framkvæmdar frá byrjun árs.

Sameinuðu þjóðirnar gagnrýna ákvörðun yfirvalda í Írak um að drífa hengingarnar af þar sem margir saklausir borgarar gætu verið teknir af lífi sökum þess. Talið er að um 1.200 manns biði eftir að afplána dauðadóm í Írak. Dómsmálaráðherra gefur þó lítið fyrir þessa gagnrýni og segir að hvert einasta mál sem tengist dauðadómum hafi verið skoðað ítarlega. Hann sagði einnig að það mætti eiga von á fleiri dauðaférsingum í náinni framtíð.

# 324

léttu lífið í mannskæðri hryðjuverkaárás í Írak fyrir í sumar.

# Ómögulegt að gulusótt komi til Íslands án moskítóflugna

Yfirlæknir sóttvarna hjá Landlæknisembættinu segir ekki hættu á gulusóttarfaraldri á Íslandi. Ástæðan er sú að hér séu engar moskítóflugur. Varað er við heimsfaraldri gulusóttar sem er lífshættulegur sjúkdómur.

**HEILSA** „Ef við tölum bara um Ísland þá búum við svo vel að við erum ekki með vektorinn sem ber gulusótt í okkur, moskítóflugurnar,“ segir Guðrún Sigmundsdóttir, yfirlæknir sóttvarna hjá embætti Landlæknis. Þar að auki segir hún að til sé árangursríkt bóluefni.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að alþjóðagóðgerðarsamtökin Save the Children vara við heimsfaraldri gulusóttar. Save the Children og heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna ráðast nú í umfangsmikil bólusetningarverkefni í Austur-Kongó og Angóla þar sem faraldur geisar.

„Á meðan við erum ekki með moskítóflugur er eiginlega ómögulegt að faraldurinn komi hingað,“ segir Guðrún og bætir við: „Við þyrftum að vera með moskítóflugurnar til að stinga okkur. Þetta er eins og með Zika-veiruna og alla þessa sjúkdóma sem berast með moskítóflugum. Ef maður er ekki með moskítóflugur hér, og við skulum vona að það haldist svoleiðis, þá getum við andað út herna innanlands.“

Þar sem sjúkdómurinn smitast ekki á milli manna myndi það heldur ekki valda faraldri ef maður með gulusótt kæmi til landsins. Þrátt fyrir það er sjúkdómurinn tilkynningaskyldur til sóttvarnalæknis á Íslandi þar sem hann telst geta ógnað almannaheill.

Gulusótt geisar nú í Kinshasa, höfuðborg Austur-Kongó. Það segir Guðrún óvenjulegt. „Mér skilst að þetta sé að fara út í stórborgarumhverfi. Oftast hefur þetta haldist í frumskógunum en allt í einu kemur þetta inn í Kinshasa, margmilljónaborg, og þá þarf að bregðast við því.“

Á þessu ári hafa 400 látist vegna gulusóttar í Angóla og Austur-Kongó. Í tilkynningu Landlæknisembættisins frá því í apríl segir að árlega látist um 60 þúsund af völdum gulusóttar. „Gulusótt hefur verið til lengi og mér skilst að það hafi komið upp faraldrar



Kongómaður fær bólusetningu við gulusótt í Kisenso-hverfi Kinshasa, höfuðborg Austur-Kongó. Save the Children fara nú af stað með bólusetningarherferð í borginni en óttast er að sjúkdómurinn verði heimsfaraldur. NORDICPHOTOS/AFP

Á meðan við erum ekki með moskítóflugur er eiginlega ómögulegt að faraldurinn komi hingað.

Guðrún Sigmundsdóttir, yfirlæknir sóttvarna



af og til. Kannski er þessi stærri en áður, ég veit ekki alveg um það,“ segir Guðrún.

Mælt er til þess að Íslendingar sem hyggja á ferðir til landa þar sem gulusótt er láti bólusetja sig fyrir sjúkdómnum að minnsta kosti tíu dögum áður en haldið er af stað. Það þurfi einnig að láta skrá í alþjóðlegt bólusetningarskrifteini svo ferðamenn fái að fara inn í viðkomandi land. „Ef fólk hyggur á ferðalög til þessara landa þá þarf það að athuga hvort það þurfi að láta bólusetja sig gegn gulusótt. Það hefur verið gert lengi,“ segir Guðrún. thorgnyr@frettabladid.is

### Fyrstu einkenni gulusóttar

Hiti  
Hrollur  
Vöðvaverkir  
Öggleði  
Uppköst

### Alvarlegri einkenni

Gula  
Kviðverkir  
Blæðingar  
Dauði

## Innköllun á Guard Master öryggishliðum

Húsasmiðjan biður viðskiptavini sem keypt hafa öryggishlið af gerðinni GuardMaster – Plastic Mesh Gate / Model 276 (sjá mynd) að taka vöruna strax úr notkun og skila henni í næstu verslun við fyrsta tækifæri þar sem hún verður endurgreidd, óþarfi er að sýna kassakvittun.

Á grundvelli prófunar sem Neytendastofa lét gera á vegum Prosafe kom í ljós að varan uppfyllir ekki allar kröfur staðalsins ÍST EN 1930-2011 „Barnavara og vara til nota við ummönnum barna – Öryggisskilrúm – Öryggiskröfur og prófunaraðgerðir“.

Ekki er vitað til að slys hafi hlotist af notkun vörunnar en engin áhætta verður tekin varðandi sölu á vörunni og hún hér með innkölluð.

Húsasmiðjan biðst velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda, en öryggi er ávallt númer eitt hjá Húsasmiðjunni.

Nánari upplýsingar má finna á Facebook síðu Húsasmiðjunnar, [www.husa.is](http://www.husa.is) eða síma 525 3000.



HÚSASMÍÐJAN



Ragnheiður og Ravi Rawati hyggjast ganga í hjónaband á þriðjudag en fyrst óskuðu þau eftir heimild 1. apríl síðastliðinn. Innanríkisráðuneytið sneri úrskurði Sýslumannsins í Reykjavík við og hyggst rannsaka verkferla. MYND/RAGNHEIÐUR

## Vísbendingar um misræmi hjá sýslumönnum

**STJÓRNSÝSLA** Vísbendingar eru um að misræmis gæti hjá sýslumannsembættum landsins þegar kemur að hjónavígslu íslenskra og erlendra ríkisborgara. Málið er til rannsóknar hjá innanríkisráðuneytinu og embættin hafa verið hvött til að fylgja reglum við úrvinnslu mála.

Tílefni rannsóknarinnar er ósk Ragnheiðar Guðmundsdóttur og unnusta hennar Ravi Rawat um að ganga í hjónaband en Sýslumaðurinn í Reykjavík synjaði beiðni þeirra. Innanríkisráðuneytið hefur snúið úrskurðinum við og heimilað hjónabandið en Ragnheiður berst við fjórða stigs lífhimnukrabbamein. Synjun Sýslumannsins í Reykjavík var á grundvelli þess að gögn Ravi væru ófullnægjandi. Sendiráð Indlands á Íslandi hafði þó staðfest að gögnin væru fullnægjandi. Samkvæmt upplýsingum frá innan-

ríkisráðuneytinu bærust ábendingar til ráðuneytisins sem benda til þess að misræmi sé á verklagi sýslumannsembættanna. Rannsókn ráðuneytisins snýst um að fá úr því skorið hvert mat sýslumannsembættanna sé á gögnum hverju sinni og málsmeðferð í hverju máli fyrir sig. Misræmið skrifist upp á starfsfólk sýslumannsembættanna, sé það á annað borð til staðar.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra tjáði sig um málið á Facebook-síðu sinni á föstudag og tilkynnti að innanríkisráðuneytið hefði snúið úrskurði sýslumannsembættisins við. Í tilkynningu Ólafar kom fram að búið væri að senda sýslumönnum landsins bréf þar sem fram kemur að tílefni sé til að taka verkleg og reglur á þessu sviði til nánari skoðunar með samrýmda og góða stjórnsýslu að markmiði. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)



# ÚRVAL FERÐA Í SÓLINA Í HAUST!

## ALMERÍA / ALLT INNIFALIÐ




Roquetas de Mar  
**ZORAIDA GARDEN HOTEL** ★★★★★



VERÐ FRÁ **89.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með öllu inniföldu. **1.–8. september.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 112.900 kr.

Smekklega hannað hótél með skemmtilegum garði. Frábær staðsetning þar sem gengið er beint niður á strönd frá hótelinu. Stór og góður sundlaugargarður með vatnsrennibrautum fyrir krakka.

## MALLORCA



Porto Cristo  
**PORTO DRACH** ★★★★★



VERÐ FRÁ **89.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi og sjávarsýn. **13.–20. september.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 119.900 kr.

Frábær sólbaðsaðstaða og í nágrenni við hótelið eru skemmtilegir veitingastaðir og barir. Hótelið er einungis 400 m frá hinum frægu Drekahellum.

SÍÐUSTU SÆTIN



## BÚAPEST

LÖNG HELGI — 4 NÆTUR  
SEPTEMBER OG OKTÓBER 2016

VERÐ FRÁ **89.900 KR.\***  
\*á mann í tvíbýli með morgunverði.  
Búapest var valin önnur besta borg heims af lesendum Condé Nast Traveler.

Helgarferð til Búapest er tilvalin til að njóta lífsins, borða góðan mat og versla hagstætt. Fararstjóri ferðarinnar verður Jóna Guðvarðardóttir.



## ALBÍR




Albír  
**ALBIR PLAYA** ★★★★★



VERÐ FRÁ **88.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með morgunverði. **6.–14. september.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 105.900 kr.

Mjög gott, nútímalegt og barnvænt hótél. Líf og fjör jafnt á daginn sem á kvöldin með fjölbreyttri dagskrá. Hægt er að kaupa hálf tæða eða fullt fæði.

## TENERIFE



La Caleta  
**SHERATON LA CALETA** ★★★★★




VERÐ FRÁ **149.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með morgunverði. **17.–24. september.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 169.900 kr.

Glæsilegt hótél á Adeja svæðinu. Glæsileg herbergi með svölum, frábær garður með stórum sundlaug og barnalaug. Virkilega góð 1800 m<sup>2</sup> heilsurækt ásamt líkamsræktarstöð.

LÚXUS

VIÐ MÆLUM MEÐ

## KANARÍ



Meloneras  
**COSTA MELONERAS** ★★★★★



VERÐ FRÁ **129.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með garðsýni og morgunverði. **28. september. – 5. október.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 149.900 kr.

Einstaklega glæsilegt hótél í fallegu umhverfi við Melonerás ströndina. Hefðbundinn arkitektúr og umhverfi sem gerir fríð ógleymalegt. Við hótelið er gróðursæll garður með fimm sundlaugum og barnalaug.

## BENIDORM / HÁLFT FÆÐI



Benidorm  
**MELIA BENIDORM** ★★★★★



VERÐ FRÁ **94.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með hálfu fæði. **16.–23. september.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 99.900 kr.

Gott hótél í Rincon de Loix. Vel útbúin herbergi sem öll snúa út að sundlaugargarðinum. Fjölbreytt skemmtidagskrá á hótelinu og fjöldi veitingastaða, bara og verslana eru í næsta nágrenni.



## BERLÍN

HELGARFERÐ  
NÓVEMBER OG DESEMBER 2016

VERÐ FRÁ **77.900 KR.\***  
\*á mann í tvíbýli með morgunverði.

Berlín er af mörgum kölluð „New York“ Evrópu. Þeir sem til þekkja segja að það sé hægt að finna allt í Berlín. Komdu með okkur í helgarferð til Berlínar.



## DUBLÍN

HELGARFERÐ  
24.–27. NÓV 2016

VERÐ FRÁ **89.900 KR.\***  
\*á mann í tvíbýli með morgunverði.

Löng helgi í Dublin, eiga ljúfar stundir í góða vna hópi, upplifa ekta írsku menningu og versla jólagjafir við Grafton Street. Fararstjóri: Helgi Danielsson



### SÍÐUSTU SÆTIN

**MALLORCA** 23.–30. ÁGÚST — STÖKKTU Á MORGUN. VERÐ FRÁ **49.900 KR.** Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN, 69.000 KR. M.V. 2 FULLORÐNA.

**KANARÍ** 24.–31. ÁGÚST — VERÐ FRÁ **49.900 KR.** M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN, 67.900 KR. M.V. 2 FULLORÐNA.

**ALMERÍA** 25. ÁGÚST – 1. SEPT. VERÐ FRÁ **59.900 KR.** M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN, 74.900 KR. M.V. 2 FULLORÐNA.

**ALBÍR/BENIDORM/ALICANTE** 26.–31. ÁGÚST — VERÐ FRÁ **58.900 KR.** M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN, 68.900 KR. M.V. 2 FULLORÐNA.

## Ólétt kona á meðal látinna eftir morð í Alabama

**BANDARÍKIN** Fimm voru myrt á heimili sínu í Alabama, Bandaríkjunum, þegar 27 ára gamall maður gekk berserksgang og rændi fyrrverandi kærustu sinni og þriggja mánaða ungabarni. Á meðal þeirra látnu er ólétt kona, Derrick Dearman verður kærður fyrir sex morð, þar á meðal á ófædda barninu.

Dearman braust inn á heimili systur fyrrverandi kærustu sinnar, sem er í bænum Citronelle. Hún hafði haldið sig þar eftir að hafa flutt frá honum vegna ofbeldishneigðar hans, samkvæmt lögregluþvöldum á svæðinu.

Fórnarlömbin voru á aldrinum 22 til 35 ára en hið yngsta var kona komin fimm mánuði á leið með sitt fyrsta barn.

Samkvæmt upplýsingum frá lögregluþvöldum í Citronelle hafði verið hringt á lögregluna fyrr en kvöldið þegar Dearman hafði komið í óleyfi á lóðina þar sem húsið stendur. Hann flúði þegar lögreglan mætti á svæðið. Seinna um kvöldið sneri hann aftur, þá vopnaður og réddst á fórnarlömbin þegar þau voru sofandi.

Hann tók fyrrverandi kærustu sína með sér á brott þegar hann yfirgaf húsið ásamt þriggja mánaða barni eins af fórnarlömbunum og fór með þau heim til föður síns. Eftir að þangað var komið sleppti hann fyrrverandi kærustunni og barninu og fór ásamt föður sínum upp á lögreglustöð og gaf sig fram. Hann er enn í haldi lögreglu og er samvinnuþýður samkvæmt heimildum Reuters fréttstofunnar.

» Fórnarlömbin voru á aldrinum 22 til 35 ára en hið yngsta var kona sem var genginn fimm mánuði með sitt fyrsta barn.

# Nóbelsverðlaunahafinn Stiglitz lýsir yfir dauða nýfrjálshyggju

Nóbelsverðlaunahafinn Joseph Stiglitz telur að búið sé að sanna að ein af aðal hugmyndum nýfrjálshyggju gangi ekki upp. Hann telur nýfrjálshyggju hugsunarháttinn dauðan í bæði þróunarlöndum og þróuðum löndum. Aðrir fræðimenn og hagfræðingar eru farnir að efast um kenninguna.

**EFNAHAGSMÁL** Hagfræðingurinn Joseph Stiglitz segir að ekki sé lengur samstaða um að nýfrjálshyggju séu ríkjandi skóli hugsunar í hagfræði, eins og hann hefur verið síðustu þrjátíu ár. Í samtali við Business Insider segir Nóbelsverðlaunahafinn, sem var efnahagslegur ráðgjafi Bills Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, að í fræðiumhverfinu sé búið að hafna samstöðunni um nýfrjálshyggju.

Stiglitz hefur síðustu árin verið einn helsti gagnrýnandi nýfrjálshyggju. Frá efnahagskreppunni árið 2008 virðist hafa orðið vitundarvakning almennt um það að frjálshyggja sé ekki endilega rétta leiðin fyrir hagkerfi heimsins.

Í samtalinu færir Stiglitz rök fyrir því að búið sé að afsanna eina af aðal hugmyndum nýfrjálshyggju, að mörkuðum gangi best þegar engin afskipti eru höfð af þeim og að eftirlitslausir markaðir séu besta leiðin til að auka hagvöxt.

„Við erum búin að færast frá nýfrjálshyggju paradísinni þar sem talið var að „markaðir virka vel næstum alltaf“ og eina sem við þurftum gera var að halda ríkisstjórnnum gangandi, í það að trúa að „markaðir virka ekki“ og nú snýst umræðan um það hvernig við getum látið ríkisstjórnir laga þessa skekkju,“ segir Stiglitz. „Nýfrjálshyggja er dáið bæði í þróunarlöndum og þróuðum löndum.“

Stiglitz deilir þessari skoðun með öðrum hagfræðingum. Í blogg í maí efuðust þrjár hagfræðingar hjá Alþjóðgjaldeyrissjóðnum, helstu klappstýru nýfrjálshyggju, um skilvirkni ákveðinna þátta kenningarinnar, sér í lagi þegar kemur að sköpun ójafnaðar.

Bandaríski fræðimaðurinn Noam Chomsky hefur einnig gagnrýnt nýfrjálshyggju og skaðleg áhrif hugsunarinnar. Í Bretlandi má einnig greina viðhorfsbreytingu, en þar hafa



Joseph Stiglitz vann Nóbelsverðlaun í hagfræði árið 2001 og vann sem efnahagsráðgjafi Bill Clinton.



Margaret Thatcher og Ronald Reagan voru miklir talsmenn nýfrjálshyggju.

aðhaldsaðgerðir verið í fyrirrúmi frá því að íhaldsflokkurinn tók við ríkisstjórn árið 2010. saeunn@frettabladid.is

### Hvað er nýfrjálshyggja?

Visindavefurinn segir nýfrjálshyggju ná yfir sjónarmið og kenningar allra núlifandi frjálshyggjumanna. Það sem þeir eiga helst sameiginlegt er einstaklingshyggja, áhersla á mikilvægi frelsis- og eignaréttinda, og trú á að frjáls viðskipti stuðli að góðum lífskjörum. Nýfrjálshyggjusinnar eru á móti miklum ríkisafskiptum og trúa því að markaðir gangi best án mikilla afskipta. Hugtakið nýfrjálshyggja hefur verið notað frá árinu 1938 en bera fór á núverandi merkingu hugtaksins á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Hverjir voru helstu talsmenn þess?

Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, og Ronald Reagan, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, voru helstu talsmenn íhaldsfrjálshyggju sem orðið nýfrjálshyggja er stundum notað yfir.

## Hlutabréf í Nintendo hafa lækkað um 30%

**VIÐSKIPTI** Frá því að gengi hlutabréfa í japanska leikjaframleiðandnum Nintendo náði hæstu hæðum þann 19. júlí síðastliðinn hafa hlutabréfin lækkað um rúmlega 30 prósent.

Gengi hlutabréfa í Nintendo rauk upp í kjölfar útgáfu snjallsímaleiksins Pokémon GO úr smiðju fyrirtækisins þann 6. júlí síðastliðinn. Í dag hefur leikurinn slegið fimm heimsmet Guinness og hafa rúmlega 130 milljónir manna náð sér í leikinn. Velta leiksins á fyrsta


» Hlutabréfin hækkuðu hratt í verði eftir að fyrirtækið sendi frá sér tölvuleikinn Pokémon GO, sem sló ræki-lega í gegn á heimsvísu.

mánuði nam 206,5 milljónum dollara og hefur snjallsímaleikur aldrei velt jafn hárrí fjárhæð á fyrsta mánuði.

Eitthvað virðast fjárfestar þó ótt-

ast að Pokémon GO verði ekki jafn arðbær leikur og þeir áttu von á eftir að forsvarsmenn Nintendo gáfu í skyn að leikurinn myndi veita takmörkuð samlegðaráhrif.

Líkur eru á að gengi hlutabréfa muni þó hækka á ný í haust þar sem tveir snjallsímaleikir úr smiðju fyrirtækisins eru væntanlegir á komandi mánuðum. Leikirnir Fire Emblem og Animal Crossing eru byggðir á klassískum titlum og munu þá líklega draga að aðdáendur á borð við Pokémon GO hópinn. –sg



Hundrað og þrjátíu milljónir manna hafa náð sér í Pokémon GO á rúmum mánuði. Fréttablaðið/

# EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SKÓLATÖSKUM

Pennaveski að eigin vali fylgir öllum skólatöskum í dag



14.999 kr.

EXPLORE



11.999 kr.

walker



14.999 kr.

EXPLORE



9.899 kr.

Samsønite



12.999 kr.

UNDER ARMOUR



14.999 kr.

EXPLORE



11.999 kr.

walker



12.999 kr.  
9.099 kr.

MOJO  
BACKPACKS



14.999 kr.

OGIO

Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana.

Tilboðið gildir í dag á meðan birgðir endast. Allt vöruúrval má finna á a4.is.

A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi

www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á [Facebook](#) [Pinterest.com/A4fondur](#) og [instagram.com/a4verslanir](#)

# A4

SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

# Farþegi Noregs



Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@frettabladid.is

Ríkisstjórnin samþykkti á föstudag tillögu Lilju Alfreðsdóttur utanríkisráðherra um skipan sérstakrar ráðherranefndar um Brexit. Tilgangur nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með hagsmunagæslu íslenska ríkisins í tengslum við eiginlega úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu.

Samhliða þessu var sett á laggirnar sérstök Brexit-eining embættismanna í utanríkisráðuneytinu í sama tilgangi. Lilja sagði í fréttum Stöðvar 2 að ein af þeim þremur sviðsmyndum sem íslensk stjórnvöld ynnu eftir væri tvíhliða samningur við Bretland. Slíkur samningur kemur til greina óháð afstöðu annarra EFTA-ríkja sem eru líka aðilar að EES-samningnum, þ.e. Noregs og Liechtenstein. Vera kann að það þjóni hagsmunum Íslands betur að semja beint við Bretland strax eftir að Bretar virkja 50. gr. Lissabon-sáttmálans og hefja eiginlegt úrsagnarferli úr ESB á næsta ári.

Greint var frá því fyrir helgi í Financial Times að stjórnendur banka í Lundúnum teldu það þjóna hagsmunum sínum og Bretlands betur ef Bretland myndi gera tvíhliða samninga við ESB sambærilega þeim sem Sviss hefur fremur en að ganga inn í EFTA og mögulega EES-samninginn eftir það. Það er við hæfi að velja fyrir sér stöðu EES-samningsins á þessum tímamarki. Sérstaklega í ljósi þess að bankamenn í Lundúnum telja ekki eftirsóknarvert fyrir Bretland að taka beint upp afleidda löggjöf ESB án þess að hafa nokkuð að segja um gerð hennar. Þetta er hinn eiginlegi lýðræðishalli EES-samstarfsins í hnotskurn. Sú staða sem blasir við Norðmönnum, Íslendingum og Liechtensteinum. Ísland, ólíkt Noregi, ver ekki háum fjárhæðum í að hafa áhrif á þessa löggjöf eða með hvaða hætti hún er tekin upp í EES-samninginn. Norðmenn greiða langstærstan hluta kostnaðar í þróunarsjóð EFTA og víðræður um hvernig beri að skipta þessum kostnaði hafa ekki borið neinn árangur. Í vissum skilningi erum við farþegar Norðmanna í þessu samstarfi.

EES-samningurinn hefur fært Íslendingum miklar hagsbætur í forni fjórfrelsis og aðgangs að innri markaði ESB. Þannig er beint orsakasamband á milli lífskjara-sóknar hér á landi og aðildar okkar að fjórfrelsinu frá 1. janúar 1994. En fyrir hvaða fórnarkostnað og á hvaða forsendum? Fyrir yfirþjóðlegt eðli samstarfsins og forgangsáhrif EES-reglna vegna bókunar 35 við EES-samninginn? Forsendum okkar eða forsendum 30 annarra þjóðríkja og á grundvelli löggjafar sem við höfum litið sem ekkert að segja um?

Við skulum ekki velkjast í neinum vafa um að samhliða lífskjara-sókninni hefur EES-samningurinn líka verið böf. Ekki síst vegna lýðræðishallans og þess að takmarkað tillit er tekið til þarfa okkar í gerðum sem Ísland hefur tekið upp. ESB-gerðir eru löggjöf sem Íslendingar hafa ekkert um að segja, tíma ekki að eyða peningum í að hafa áhrif á og eru alltaf of seinir að taka upp. Skammarkrókurinn sem Ísland er í hjá ESA er besti vitnisburðurinn um það. EES-samstarfið hefur verið gallað að þessu leyti frá byrjun. Tímamót sem Bretar standa frammi fyrir núna vegna Brexit og víðræður okkar við þá eru kjörð tækifæri til að horfa út fyrir kassann og hugsa upp á nýtt framtíð Íslands í evrópsku samstarfi í viðara samhengi en Brexit.



ESB-gerðir eru löggjöf sem Íslendingar hafa ekkert um að segja, tíma ekki að eyða peningum í að hafa áhrif á og eru alltaf of seinir að taka upp.



## Halldór



## Frá degi til dags

### Ákveðið vandamál

„Það er hins vegar enginn vafi að við erum í ákveðnum vandamálum í forystusveit flokksins,“ sagði Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra í gær. Um helgina hefur Framsókn kosið hvort halda eigi flokksþing og kjósa nýja stjórn. Í kjördæmi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns flokksins, var til lögunni hafnað. Vandamálið sem Sigurður visar til er væntanlega formaðurinn sem telur sig hafa stuðning um allt land. En eins og annar billinn í löturhægru bílaröð er kallaður lestarstjórnin veltur það á Sigurði Inga varaformanni hvort formaðurinn fær að sitja áfram eða láti í minni pokann fyrir forsætisráðherra.

### Upphefð kvenna

„Stundum hef ég á tilfinningunni að konur séu að nýta sér svona tal sjálfum sér til framdráttar,“ sagði Ögmundur Jónasson á Rás 1 í gær. Tilefnið var frásögn Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Bjartar Ólafsdóttur af upplifun sinni á karllægu Alþingi. Björt hafði m.a. lýst því að hún hefði þurft að frábiðja sér að talað væri niður til hennar í nefndarstörfum. Ögmundur hefur setið á þingi fyrir VG frá stofnun flokksins og komið að kvenfrelsisstefnu hans. Það er óheppilegt að honum þyki kvart kvenna, en ekki frambærileiki þeirra, vera ástæða þess að þær nái nú lengra en þegar hann settist fyrst á þing fyrir rúmum tuttugu árum. snaeros@frettabladid.is

## Höfnum Illugafrumvarpinu



Óskar Steinn Ómarsson  
nemandi við Háskóla Íslands og ritari Samfylkingarinnar.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra um breytingar á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Hæpið er að frumvarpið verði að lögum fyrir kosningar. Sem betur fer, því frumvarpið felur í sér gríðarlega neikvæðar breytingar á námslána-kerfinu.

Með Illugafrumvarpinu munu allir námsmenn eiga rétt á styrk upp á 65 þúsund krónur á mánuði. Frábært, þetta hljómar vel. Loksins styrkjakerfi. En er málið svo einfalt? Nei, auðvitað ekki. Breytingarnar fela einnig í sér að verðtrygðir vextir af námslánunum hækka úr einu í þrjú prósent. Þetta gerir lánin dýrari. Þá er tekjutenging afborgana afnumin, sem þýðir að greiðslubyrði þeirra með lág laun hækkar. Þessar breytingar munu éta upp ábatann af styrknum að mestu leyti og koma mörgum námsmönnum illa.

Sem nemandi við Háskóla Íslands hafa viðbrögð Stúdentaráðs háskólans valdið mér miklum vonbrigðum. Formaðurinn fullyrðir að Illugafrumvarpið komi flestum nemendum við HÍ vel. Gott og vel, en hvað um þá hópa sem koma illa út úr hærri vöxtum og afnámi tekjutengingar? Hvað um væntanlega leik-, grunn- og framhaldsskólakennara, hjúkrunarfræðinga, þroskabjálfa og fjölmargar aðra hópa sem munu þurfa að þola þyngri greiðslubyrði af lánunum sínum í nýja kerfinu? Eiga þessir hópar enga málsvara innan meirihluta Stúdentaráðs?

Námsstyrkurinn er keyptur of háu verði. Fórnarkostnaðurinn af þessu frumvarpi er of hár. Það er hægt að tryggja öllum styrk til náms án þess að veikja stöðu barna-fólks, fólks með lægri laun, fólks sem fer í nám erlendis og fólks sem af einhverjum ástæðum hefur nám seinna en aðrir.

Innleiðum styrkjakerfi í íslensku menntakerfi, þó fyrr hefði verið. Fórnarkostnaðurinn má hins vegar ekki verða sá að Lánasjóðurinn hætti að vera sá félagslegi jöfnunarsjóður sem hann átti alltaf að vera. Með því að forgangsráða fjármunum til menntakerfisins getum við stöðugt það án þess að förna öllu þessu. Við námsmenn eigum betra skilið. Höfnum Illugafrumvarpinu og hefjum vinnu við nýtt, réttlátt styrkjafrumvarp strax eftir kosningar.

# Og þér finnst það ekkert í góðu lagi

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

Og skiliði kvótanum aftur til þjóðarinnar!“ Þannig endaði Bubbi vel heppnað framlag sitt til tónleika Rásar tvö á menningarnótt eftir að hafa fengið unga og aldna til að syngja með sér: „Og þér finnst það í góðu lagi“ og allur Arnarhöll kyrjaði með alsæll yfir því að fá að vera með í svona góðu lagi.

## Kvótakerfið er skattheimta

En kvótageirarnir fá ekkert að vera með í þeim makindum. Því að kvótakerfið finnst okkur alls ekki vera í góðu lagi. Þetta er frekar einfalt: „skiliði kvótanum aftur til þjóðarinnar“.

Skáldið og söngvarinn fangar það í orð sem svifur um í blænum ekki sist þegar sviðið er í þann veginn að fyllast af vörpulegum Vestfirðingum.

Um hvað snýst kvótakerfið? Takmarkaðan aðgang að takmörkuðum gæðum. Það þurfti að draga úr ofveiði og það þurfti að hagræða í greininni eftir full rösklega uppbyggingu í kjölfar útfærslu landhelginnar þegar ekki var þingmaður með þingmönnum, að hann gæti ekki skaffað svo sem eins og einn skuttogara. En þess var ekki gætt að sú hagræðing yrði eins sársaukalítill og hægt væri og að samfélagið allt nyti góðs af þeirri hagræðingu. Um það var ekkert hirt.

Kvótakerfið er hlið sem sumum er hleypt inn um, öðrum ekki. Og þeir sem fengu að fara inn selja hinum aðgang. Kvótakerfið er skattheimta nema andvirðið rennur ekki í sam-

eiginlega sjóði landsmanna. Kvótakerfið og „frjáls“ viðskipti með réttinn til að nýta þjóðareignina hefur í för með sér frelsisskerðingu fyrir venjulegt fólk að sækja sjóinn nema með því að greiða skatt til kvótageirfa sem geyma svo þennan skatt af sameign þjóðarinnar í leynihólfum heimsins og nota hann til að kaupa sér forréttindi og séraðgang að því sem ætti að vera almannaæign – og að borga Davíð Oddssyni tvær milljónir á mánuði til að skrifa skringilegar greinar.

Kvótakerfið hafði mikið að segja um bóluna á árunum upp úr aldamótum: Með kvótakerfinu fylltist allt af peningum sem voru ekki til, frá mönnum sem höfðu aflað þeirra með því að selja og veðsetja það sem þeir áttu ekki: fisk sem ekki var búið að veiða.

Það er eins og ef ég, sem hef skrifað nokkrar bækur, rukkaði unga höfunda fyrir að fá að skrifa bók. Það væri nú ekki í góðu lagi.

## Enginn samfélagssáttmáli

Það verður ekkert jafnvægi í þjóðarsálinni – og hvað þá í þjóðarbúskapnum – fyrr en þjóðin fær almennt þá tilfinningu að snúið hafi verið af braut þessarar einkaskattheimtu. Í kvótakerfinu er að finna undirrót hins eilífa ósættis sem ríkir hér á landi. Við gleðjumst yfir því þegar Gugga og Binni verða rík af útgerð og fiskvinnslu – en hví skyldum við samgleðjast þegar Mummi sonur þeirra selur kvótann sem bundinn er útgerð þeirra fyrir

trilljónir út úr bænum og flytur til London að gerast þar gjálifismaður; skilur gamla plássíð sitt eftir í sárum, fólkíð sem sjóinn hafði sótt og fiskinn verkað, en geymir auð sinn á aflandseyjareikningi? Hvað er það nákvæmlega við framferði Mumma (sem við þekkjum af ótal sögum) sem ætti að vekja virðingu en ekki forakt?

Þeir eru alltaf biðja um sátt ráðherrarnir (ljótt orð: það fyrsta sem íslensk yfirstétt gerði þegar við fengum heimastjórn 1904 var að breyta orðinu „ráðgjafi“ í „ráðherra“ – við ættum að breyta því aftur). Maður heyrir þá stundum kalla eftir því að hér sé gerður nokkurs konar samfélagssáttmáli um kaup og kjör, velferðarstig og tillitssemi hinna lægra launuðu við þörf hástéttanna fyrir ró og næði. Frið á vinnumarkaði. Jafnvægi. Hófsemi. Það er eins og ef maður í íbúð fyrir ofan mig væri með partilæti allar nætur en kæmi svo til mín og bæði mig að hafa ekki hátt, því hann langaði að fara að stunda jóga.

Það fyndist manni nú ekki í góðu lagi. Það verður engin sátt fyrr en við fáum á tilfinninguna að afrakstrinum af þessari sameiginlegu auðlind sé skipt af réttlæti. Sem er að vísu vandmeðfarið hugtak – hugsjón en ekki ástand – og vei þeim stjórnmalámönnum sem telja sig vita hvar endastöð réttlætisins sé að finna – en það gæti til dæmis náð til þess að sanngjarn hluti af sjávarútvegsgróðranum renni til uppbyggingar í þeim byggðum sem lifað hafa af sjávarútvegi mann fram af manni en hafa af



**Kvótakerfið hafði mikið að segja um bóluna á árunum upp úr aldamótum: Með kvótakerfinu fylltist allt af peningum sem voru ekki til, frá mönnum sem höfðu aflað þeirra með því að selja og veðsetja það sem þeir áttu ekki: fisk sem ekki var búið að veiða.**

völdum þessa kerfis mátt sjá sjálfa lífsbjörgina hverfa í hendur braskara sem kaupa sér bílaumboð í Reykjavík í morgunmat.

Það gæti til dæmis náð til þess að fólk fengi á tilfinninguna að sanngjarn hluti af arðinum af auðlindinni renni til þess að byggja upp innviði samfélagsins sem látnir hafa verið markvisst grotna niður af stjórnmaláarmi þeirra afla sem stefna að samfélagi þar sem þeir ríku geta keypt sér aðgang að sérþjónustu í heilbrigðis- og menntamálum.

Þetta er frekar einfalt. Það verður enginn friður, engin sátt, enginn sáttmáli fyrr en þann dag er hinn almenni Íslendingur getur horft á sjávarútveginn, alla þá miklu verðmætasköpun sem þar er, hugvitið allt og dugnaðinn, og fundið til örlitils votts af stolti, kinkað kolli með sjálfum sér og fundist það í góðu lagi.

PUMA



3.490

PUMA SPORTS STYLE TEE

Stuttermabolur. Litur: Grár. Stærðir: 116-176



5.490

PUMA SPORTS STYLE

Bómullarbuxur. Litur: Grár, svartur. Stærðir: 116-176



5.490



PUMA SPORTS STYLE CREW SWEAT

Bómullarpeysa. Litur: Grár. Stærðir: 116-176

INTERSPORTAKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10-18. LAU. 10-16.

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10-18. LAU. 11-17. SUN. 13-17.

INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10-18. LAU. 10-16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®



# KRAFTUR

STUÐNINGUR • SAMVINNA

Aflbinding - Járnverktakar ehf.  
Aflhlutir ehf  
Afltækni ehf  
AH. Pípulagnir ehf  
Allianz Ísland hf. söluumboð  
Allt í járnum ehf  
Arctic Trucks Ísland ehf.  
Arkís arkitektar ehf.  
Árnanes ehf  
Arnardalur sf  
Árvirkinn ehf  
Ás fasteignasala ehf  
Ásvélar ehf  
Augað gleraugnaverslun  
Austfjarðaflutningar ehf  
Baugsbót ehf  
Beta bros ehf  
Beta líf - Borgarhóll ehf.  
Betri bílar ehf.  
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf  
Bifreiðaverkstæði Sigursteins ehf  
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf  
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf

Bílahöllin-Bílaryðvörn hf  
Bílaklæðningar hf  
Bílaleiga Húsavíkur ehf  
Bílamálinin Varmi ehf  
Bílasala Suðurlands ehf  
Bílasprautun og réttingar Trausta  
Bjarni Þorsteinsson  
Björgunarsveitin Þorbjörn  
Blikkrás ehf  
Bókhaldsstofa Haraldar slf  
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf  
Breiðavík ehf  
Búnaðarfélag Bláskógabyggðar  
Bygðasafnið Skógum  
Bygðarþjónustan ehf  
CNC Ísland ehf.  
Dacoda ehf  
Danfoss hf.  
Danica sjávarafurðir ehf  
Dansport ehf  
DGJ Málingarþjónusta ehf  
DMM Lausnir ehf  
Dún og fiður ehf.

Dýrabær ehf  
Dýralæknaþjónusta Eyjafjarðar  
Dýralæknirinn á Breiðdalsvík  
Efling stéttarfélag  
Elísa Guðrún ehf  
Endurskoðendapjónustan ehf  
Endurskoðun Vestfjarða ehf  
Erpur ehf  
Esjar ehf.  
Fagverk verktakar ehf  
Ferskfiskur ehf  
Fínþúsning ehf  
Fjallabak ehf  
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf  
Fjarðarþrif ehf  
Flúrlampar ehf  
Fögrusteinir ehf  
Förrettabarinn  
Forum lögmenn ehf  
Frár ehf.  
G.S.múrverk ehf  
Garðar Jónsson, málarameistari  
Garðverk, Akureyri

Garðyrkjustöðin Varmalandi  
Geislatækni ehf, Laser-þjónustan  
Geotek ehf  
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf  
Gler í Bergvík ehf  
Glófi ehf  
Gnýr sf  
Grábrók ehf.  
Guðmundur Arason ehf  
Guðmundur Jónasson ehf.  
Guðmundur S Borgarsson ehf  
Gufuhlið ehf  
Gullberg ehf.  
Gullsmiðurinn í Mjódd  
Gunnar Leifsson ehf  
Hagall - Árni Reynisson ehf  
Hagbær ehf  
Hamborgarabúlla Tómasar ehf  
Hamraborg ehf  
Hársnyrtistofan Höfuðlausnir sf  
Hellur og garðar ehf  
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.  
Höfðakaffi ehf.

Holræsa- og stíflupjónusta  
Suðurlands ehf.  
Höfðabílar Svans  
Kristóferssonar ehf  
Hótel Jökull, Nesjum Hornafirði  
Hraunhamar ehf  
Hreinsitækni ehf  
Hreyfimyndasmíðjan ehf  
HS Orka hf  
Húnavatnshreppur  
Húsalagnir ehf  
Hveragerðiskirkja  
Iðnsveinafélag Skagafjarðar  
Ingibjörg ehf  
Inít ehf  
Intellecta ehf  
Íslensk endurskoðun ehf  
Íslenska gámafélagið ehf.  
J.S. Gunnarsson hf  
Járnkarlinn ehf  
K.F.O. ehf.  
K.Pétursson ehf  
Kæling ehf

Kleifarás dreifing ehf.  
Kom ehf., kynning og markaður  
Krappi ehf  
Kristinn J Friðbjósson ehf  
Krossborg ehf  
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps  
Lagnalagerinn ehf  
Landslag ehf  
Landsnet hf.  
Landssamband lögreglumanna  
Landsvirkjun  
Limtré Vínnet ehf.  
Ljósco ehf.  
Loftorka Reykjavík ehf  
Loftstokkahreinsun.is  
Lög og réttur ehf  
Löggiltir endurskoðendur ehf  
Lögmannafélag Íslands  
Löndun ehf  
Málarameistarar ehf  
Marska ehf  
Marver ehf  
Marz sjávarafurðir ehf



Berglind Jóhannsdóttir  
Tannlæknir, dr. odont.  
Sérgein: Tannréttingar



**K**raftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur, þakkar öllum þeim 90 hlaupurum sem ákváðu að setja krafta sína í Reykjavíkumaraþonið í þágu félagsins. Innilegar þakkir fyrir stuðninginn kæru hlauparar og þið hin sem hétuð á þá og tókuð þátt í að hvetja hlauparana okkar til dáða á laugardaginn. Sömuleiðis þökkum við öllum þeim sem gerðu okkur kleift að birta þessi þakkarorð.

**Ykkar stuðningur er okkar KRAFTUR.**

Atthías ehf.  
 Þorking ehf.  
 Þotatron ehf.  
 Þur og meira ehf.  
 Þrúðalíngur ehf.  
 Þreysey ehf.  
 Þesraf ehf.  
 Þesskip hf.  
 Þonni litli ehf.  
 Þórðanfiskur ehf.  
 Þórdica ráðgjöf ehf.  
 Þórðurpóll ehf.  
 Þrjúþrif ehf.  
 Þídi hf.  
 Þka ehf.  
 Þkuvirki ehf.  
 Þ ehf.  
 Þal ehf.  
 Þabúðin Skólavörðustíg  
 Þassamyndir ehf.  
 Þasta ehf.  
 Þanna ehf.  
 Þkel ehf.

Poulsen ehf  
 Prentlausnir ehf  
 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða  
 Rafeyri ehf.  
 Rafgeymasalan ehf  
 Rafiðnaðarskólinn ehf  
 Rafmiðlun hf.  
 RafSuð ehf  
 Rafsvið sf  
 Raftíðni ehf  
 Ragnar V. Sigurðsson ehf  
 Rangá sf.  
 Reykjabúíð ehf.  
 Reykjalandur  
 Reykjavíkurborg  
 Reynir bakari ehf  
 S.S. Gólf ehf  
 Sæbúð ehf.  
 Sæferðir ehf.  
 Samhentir Kassagerð hf.  
 Samtök starfsmanna  
 fjármálafyrirtækja,SSF  
 Seyðisfjarðarkaupstaður

Share Kringlunni  
 SÍBS  
 Sigurboginn ehf.  
 Sigurgeir G. Jóhannsson ehf  
 Sigurjón Arnlaugsson ehf  
 Síldarvinnslan hf.  
 Sjóklæðagerðin  
 Sjóvá-Almennar tryggingar hf.  
 Sjúkraþjálfun Georgs  
 Skipalyftan ehf.  
 Skóbúð Húsavíkur  
 Skútustaðahreppur  
 Smith & Norland hf.  
 Smurstöð Akraness sf.  
 Snæljós ehf  
 Spírali prentþjónusta ehf  
 Stál og stansar ehf.  
 Stálorka ehf  
 Stansverk ehf  
 Stay ehf  
 Stéttarfélagið Samstaða  
 Strá ehf  
 Straumnes ehf. rafverktakar

Suðurflug ehf  
 Suzuki-bílar hf  
 Sytra ehf  
 Tannlæknastofa Árna  
 Páls Halldórssonar  
 Tannlæknastofa Friðgerðar  
 Samúelsd ehf  
 Tannlæknastofa Ólafs Páls slf.  
 Tannlæknastofa Sigurðar  
 Björgvínssonar  
 Tannlæknastofa Tinnu Kristínar  
 Snæland  
 Tannlæknningar ehf  
 THG Arkitektar ehf.  
 Thorp ehf  
 Tréspor ehf  
 Túnþökusala Kristins ehf  
 TV - verk ehf  
 Tvisturinn ehf  
 Útfararþjónusta Hafnarfjarðar slf  
 VA arkitektar ehf  
 Valafell ehf  
 Vatn ehf

Vatnsvirkinn ehf.  
 Vatnsvirkjar ehf.  
 Vefnaðarvöruverslunin Virka ehf  
 Veidivon  
 Veidþjónustan Strengir  
 Veitingastaðurinn Menam  
 Vélaleiga Halldórs G Bald ehf  
 Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar  
 Vélaverkstæðið Kistufell ehf  
 Vélsmiðja Sandgerðis ehf  
 Vélsmiðjan Sveinn ehf  
 Vélvirkinn sf  
 Verifone á Íslandi ehf  
 Verkalýðsfélagið Hlíf  
 Verkfræðistofan Skipatækni ehf  
 Verslunarmannafélag Suðurnesja  
 Vetrarsól ehf  
 Viðskiptaþjónusta ÁGG ehf  
 Víkurraf  
 Vinnuálastofnun  
 Vinnuvélar Guðmundar/Skúla sf  
 VSB-verkfræðistofa ehf  
 Ylur ehf

Yrki arkitektar ehf  
 Þaktak ehf  
 Þörungaverksmiðjan hf.  
 Þeco bílar ehf.  
 Þevintýradalurinn ehf  
 Þeco bílar ehf.  
 Þevintýradalurinn ehf





Ólympíumeistarar Dana voru kampakátir eftir að hafa fengið gullmedaliurnar um hálsinn í Rió í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Nýtti reynslu sína frá úrslitaleik Íslands 2008

Guðmundur Guðmundsson náði sögulegu afreki í gær þegar hann gerði danska handboltalandsliðið að Ólympíumeisturum. Allir íslensku þjálfararnir þrír á Ólympíuleikunum í Rió skiluðu sínum liðum í verðlaunaseti á leikunum. Lið Þóris Hergeirssonar og Dags Sigurðssonar unnu bæði bronsleikinn með sannfærandi hætti.

Óskar Ófeigur Jónsson  
ooj@365.is

**HANDBOLTI** Þrír þjálfarar, þrenn verðlaun. Ísland átti verðuga fulltrúa í handboltakeppnum Ólympíuleikanna. Þó svo að tveir hafi ekki komið liðum sínum í úrslitaleikinn tókst þeim báðum að yfirvinna vonbrigði tapsins í undanúrslitunum og vinna hinn erfiða leik um bronsverðlaunin.

Guðmundur Guðmundsson toppaði þá báða með því að stýra danska liðinu alla leið til gullverðlauna í gærkvöldi og finna leiðir til að enda siguröngungu Frakka á Ólympíuleikunum. Sigurganga Frakka hófst fyrir átta árum þegar þeir unnu Guðmund og strákana hans í íslenska landsliðinu í úrslitaleik á ÓL í Peking. Nú var hins vegar ekkert silfur gulli betra.

Guðmundur ætlaði ekki að tapa aftur fyrir Frökkum í gullleik á Ólympíuleikunum. Hann talaði um það eftir undanúrslitaleikinn og sýndi það síðan í verki með frábærliga upplögðum leik þar sem Danir unnu tveggja marka sigur á Frökkum, 28-26, eftir að hafa komist mest fimm mörkum yfir í seinni hálfleiknum.

Danir hafa keppt við að gagnrýna Guðmund eftir að danska liðinu tókst ekki að vinna verðlaun

## Hefði viljað silfrið 2008 en þetta verður að duga

Dagur Sigurðsson var ekki með íslenska landsliðinu þegar það vann silfrið í Peking 2008 en kynntist því í gær að skila liði í verðlaunaseti á ÓL. Þýskaland vann þá sex marka sigur á Póllandi í bronsleiknum.

Þýskaland lenti þremur mörkum undir í byrjun leiks í bronsleiknum gegn Póllandi en þýsku strákarnir svöruðu leikhléi hjá Degi með 9-2 spretti og litu ekki til baka eftir það.

„Við vorum betri allan leikinn þó að þeir hafi verið yfir. Þeir náðu að refsast okkur fyrir mistök í byrjun,“ sagði Dagur. „Þetta var stórkostlegt og gaman að ná í þessa medalíu. Það er ótrúlega erfitt andlega að vinna þennan leik,“ sagði Dagur. Hann fylgdi eftir Evrópumeistaratiðli með því að skila liðinu í brons á Ólympíuleikunum.

„Það er mjög sterkt og sýnir sterkan karakter hjá strákunum,“ sagði Dagur og þetta hefur þýðingu fyrir hann sjálfan. „Ég er mjög stoltur yfir því að hafa klárað þetta svona. Ég hefði viljað ná silfrinu fyrir átta árum en þetta verður að duga,“ sagði Dagur og var rokin.




## Veit ekki hvort hann heldur út til Tókyó 2020

Þóris Hergeirsson og norsku stelpurnar voru handhafar allra stóru titlanna þegar þær mættu til Rió. Norska liðið missti af úrslitaleiknum eftir framlengingu en tók bronsið.

„Það er ekki hægt að kalla það skref niður á við þegar það er svona jafnt. Við erum örliðið slakari varnarlega en við höfum verið. Við erum betri sóknarlega núna en á HM,“ sagði Þóris.

„Ég er mjög upptekinn af næsta móti sem er markmiðið. Það er alltaf næsta medalía sem er markmiðið og hvetur mann áfram. Á meðan ég hef það hungur og leikmannahópurinn hefur það hungur og allir eru þar þá er maður í þessu,“ sagði Þóris, sem skrifaði undir nýjan fjögurra ára samning í vetur og er því með samning fram að Ólympíuleikunum í Tókyó.

„Ég veit ekkert hvort ég held það út og maður veit heldur aldrei hvort maður fái leyfi til þess að halda áfram.“



á fyrstu tveimur stórmótum hans en þeir hljóta að elska hann núna. Guðmundi tókst að búa til samstilltan og einbeittan hóp og allt í einu mættu Danir hungur og grimmir í úrslitaleik eftir að hafa verið ansi draugalegir í mörgum úrslitaleikjum síðustu árin. „Ég upplifði úrslitaleik fyrir átta árum og ég notaði mína reynslu virkilega til þess að undirbúa liðið núna. Það hjálpaði mér,“ sagði Guðmundur og hann breytti útaf venjunni og sýndi ekki myndbönd á lokafundi fyrir leik. Guðmundur fagnaði gríðarlega með lærisveinum sínum í leikslok og skiljanlega. Nú á sínum sjöttu

Ólympíuleikum fær hann að kynna þeirri tilfinningu að verða Ólympíumeistari þótt að hann nú ekki fengið neinn verðlaunapening um hálsinn. Hann tapaði úrslitaleik 2008, var með efni í Ólympíumeistaralið 2012 en nú kom hann liði sínu efst á verðlaunapallinn á Ólympíuleikunum.

„Ég er búinn að tala mikið við leikmennina og við horfum ekki svo mikið á myndbönd núna. Ég talaði um það að nota tækifærið því tækifærið er núna. Það er ekki eftir fjögur ár eða í næstu stórkeppni. Tækifærið er núna, við ætlum að taka það og fara alla leið,“ sagði Guðmundur og hann talaði

trúna í sína menn.

Hann notaði líka sjö menn í sókninni í upphafi leiks. „Við vorum með ákveðinn hroka að byrja leikinn sjö á móti sex. Það sem við vorum að gera með því var að sýna að okkur er alvara hérna og við þorum að taka áhættu. Ef við getum kallað þetta áhættu þá er þetta allavega útreiknuð áhætta,“ sagði Guðmundur. Guðmundur hafði kynnt því að tapa svona leik og nú mætti hann til að taka gullið.

„Fyrir mig persónulega þá er þetta það stærsta sem ég hef upplifað á mínum ferli sem þjálfari og hann er að verða nokkuð langur,“ sagði Guðmundur.

Danska liðið hafði ekki spilað um verðlaun á fyrstu stórmótum hans. „Ég held að það sé ekki hægt að fara í gegnum harðari skóla heldur en ég er búinn að fara í gegnum á þessum tveimur árum. Það er ekki mögulegt,“ sagði Guðmundur.

„Ég hef verið trúr mínu þrátt fyrir að ég hafi fengið mikla gagnrýni fyrir varnarleikinn. Ég hef alltaf trúað á leikkerfi, hugmyndafræðina og á þessa taktík. Ég hef unnið áfram með hana og ég hef barist við marga,“ sagði Guðmundur.

„Ég hef verið gagnrýndur mikið fyrir þetta en ég hef alltaf haldið mínu striki. Það er fyrir mig ákveðinn sigur að sýna fram á þetta,“ sagði Guðmundur. Hann fékk ekki verðlaunapening ekki frekar en í Peking 2008.

„Það er mjög sorglegt að fá aldrei verðlaunapeninginn. Eigum við ekki að segja að minningin og það að vera hluti af þessu og sjá stoltur leikmennina það sé númer eitt,“ svaraði Guðmundur sem hefur enga tilfinningu um það hvernig Danirnir taka honum núna.

Hann er líka með framtíðarlið í höndunum. „Þetta er tiltölulega ungt lið og það eru miklir möguleikar í stöðunni,“ sagði Guðmundur.

Íslenskir þjálfarar eru nú handhafar fjögurra af þeim sex titlum sem keppt er um á stórmótum landsliða í karla og kvennaflokk. Það er bara Ólympíutíttill kvenna sem Þóris missti í Rió og heimsmeistaratið Frakka sem unnust ekki með íslenskum þjálfurum.

## Nýjast

### Enska úrvalsdeildin

Stoke City	1–4	Man City
Swansea	0–2	Hull City
Tottenham	1–0	Crystal Palace
Watford	1–2	Chelsea
West Brom	1–2	Everton
Burnley	2–0	Liverpool
Leicester	0–0	Arsenal
Sunderland	1–2	Boro
West Ham	1–0	Bournemouth

Efst	Neðst		
Man City	6	Southampton	1
Man Utd	6	Stoke City	1
Hull	6	Sunderland	0
Chelsea	6	Crystal Palace	0
Boro	4	Bournemouth	0

### Hvað gerðu Gylfi og Jóhann Berg?

Gylfi Þór Sigurðsson lék allan leikinn fyrir Swansea sem tapaði óvænt fyrir nýliðum Hull á heimavelli. Jóhann Berg Guðmundsson kom inn á sem varamaður á 56. mínútu þegar Burnley vann frækinn sigur á Liverpool.

### Stærstu úrslitin

Þrátt fyrir að vera aðeins 19% með boltann vann Burnley 2-0 sigur á Liverpool á heimavelli sínum.

**Heitjan** Diego Costa tryggði Chelsea þrjú stig í öðrum leiknum í röð þegar hann skoraði sigurmarkið gegn Watford á útivelli.

**Kom á óvart** Nýliðar Hull City sem allir spáðu falli eru með fullt hús stiga eftir fyrstu tveir umferðirnar. Á laugardaginn gerði Hull góða ferð til Swansea og vann 0-2 sigur.



### Pepsi-deild karla

**KR - Breiðablik 1-1**  
0-1 Daniel Bamberg, víti (39.), 1-1 Morten Beck Andersen (79.).

Morten Beck Andersen tryggði KR-ingum stig gegn Blikum þegar hann jafnaði metin 11 mínútum fyrir leikslok. KR er taplaust í síðustu fjórum leikjum en Blikum gengur illa að stimpla sig inn í toppbaráttuna.

### Víkingur Ó. - Fjölnir 2-2

1-0 Kenan Turudija (7.), 1-1 Marcus Solberg (38.), 2-1 Þorsteinn Már Ragnarsson (41.), 2-2 Solberg (75.).

**Rautt spjald:** Emir Dokara, Víkingur Ó. (44.).

Fjölnismenn jöfnuðu tvisvar á Ólafsvík og stigið fleytti þeim upp í 2. sætið. Ólsarar náðu í sitt fyrsta stig síðan 10. júlí en þeir þurftu að spila einum færri í rúman hálfleik.

### Inkasso-deild karla

Haukar	1–0	Leiknir F.
Grindavík	4–0	HK
Fram	1–0	Keflavík
Huginn	1–2	Þór
KA	3–1	Leiknir R.

Efri	Neðri		
Grindavík	37	Selfoss	22
KA	35	Fram	22
Keflavík	26	HK	18
Þór	26	Fjarðabyggð	17
Leiknir	24	Huginn	16
Haukar	23	Leiknir F.	12

## Í dag

17.30 FH - Stjarnan	Sport
19.50 Þróttur - Valur	Sport 2
20.30 Messan	Sport
22.00 Pepsimörkin	Sport

18.00 Fylkir - ÍA	Flóridanavöllur
18.00 Víkingur R. - ÍBV	Víkingsv.

**ENDURNÝJUN OG VIÐHALD**

Löggiltur rafverktaki

Sími:

**696 5600**

rafsol@rafsol.is



Síðumúla 34 • 108 Reykjavík  
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is



## PERSÓNULEGT OG HUGGULEGT

Heimili **Helgu Daggar** og **Björns Þórs** einkennist af persónulegum og oft gömlum munum. Fjöldi verka þeirra og ýmissa samferðamanna þeirra gegnum árin prýða íbúðina og setja skemmtilegan og skrautlegan svip á hana.

**Starri Freyr Jónsson**

starri@365.is



Grafísku hönnuðirnir og parið Helga Dögg Ólafsdóttir og Björn Þór Björnsson eiga fallett og persónulegt heimili í pósthúsi 101 í Reykjavík. Veggir íbúðarinnar eru að stórum hluta þaktir verkum þeirra og raunar má finna ýmsa litla hluti úr smíðju þeirra víða í íbúðinni.

„Menntun okkar hefur kveikt í okkur áhuga á að sjá litlu hlutina sem hjálpa til við að setja lokaútkomuna á hvernig við viljum hafa heimilið okkar,“ segir Helga Dögg og bætir við: „Einnig erum við heppin að þekkja mikið af skapandi fólki sem við höfum kynnst bæði í vinnu og skóla. Frá því höfum við safnað ýmiss konar dóti sem finna má í íbúðinni okkar.“

### ELDRI MUNIR HEILLA

Björn Þór segir tvö orð lýsa stíl heimilis þeirra best: huggulegt og persónulegt. „Við fylgjum ekki nýjum straumum heldur sönkum við að okkur hlutum með sál sem tala til okkar. Flest ef ekki öll húsgögnin okkar eru gömul eða smíðuð af okkur sjálfum, sem er blanda sem er okkur að skapi.“

Þau eiga nokkra uppáhaldsmuni sem prýða íbúðina, bæði stóra og smáa. Bangsarnir úr æsku Helgu eru t.d. í miklu uppáhaldi hjá henni enda hafa þeir fylgt henni alla tíð. „Annars þykir mér voða vænt um muni sem hafa komið frá langömmu, mömmu og tengdforeldrum mínum. Þetta eru gamlir munir sem gera íbúðina persónulegri og má þar t.d. nefna heklaða búta-teppið sem mamma heklaði fyrir mig í jólagjöf. Græni skápurinn okkar í vinnuherberginu er alveg pottþétt uppáhaldshúsgagnið mitt hér enda bæði ævintýralegur og skríttinn.“

Björn Þór nefnir fyrst Warhol/Basquiat plakatið sitt sem er í miklu uppáhaldi. „Einnig þykir mér afar vænt um öxina mína,



„Annars þykir mér voða vænt um muni sem hafa komið frá langömmu, mömmu og tengdforeldrum mínum,“ segir Helga Dögg, grafískur hönnuður. MYNDIR/HANNA

ýmsar litlar teikningar og miða sem við höfum skrifað hvort til annars gegnum tíðina og plönturnar mínar.“

### ÓLÍK VERKEFNI

Það eru spennandi tímar fram undan á hönnunarsviðum hjá þeim. Þau eru að undirbúa stofnun hönnunarteymisins Smartbabes ásamt vinum sínum Grétu Þorkelsdóttur og Kinnat Sóleyju Lydon. „Ég var að útskrifast úr grafískri hönnun úr Listaháskóla Ísland í vor og skipulagði og sá um útlit Druslugöngunnar þriðja sumarið í röð. Það sem er helst fram undan hjá mér er að finna góða vinnu og vinna að tískutímari sem kemur út í haust,“ segir Helga Dögg. „Meðal verkefna minna undanfarið,“ bætir Björn Þór við, „má nefna að ég sá um útlit á nýrri plötu Emmsjé Gauta sem heitir Vagg&velta auk þess að gera útlit fyrir Jazzhátíð í Reykjavík.“

**Nokkur verk þeirra má m.a. skoða á [www.helgadogg.com](http://www.helgadogg.com) og [www.breidholt.com](http://www.breidholt.com).**



Hansahillan inniheldur m.a. bækur sem þau safna og alls konar smádót.



Tekkbord sem Björn gerði upp. Heklaða teppið er frá mömmu Helgu Daggar.

365 | tv

APPLE TV 4 Á 0 KR.

með 12 mánaða áskrift að völdum pökkum 365

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á [365.IS](http://365.IS)



365



## Rennihurðarbrautir í úrvali

**JARN&GLER**

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900. [www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)



Skrautlega hilla með blómum og öðrum munum.

**ALLIR ÚT AÐ HJÓLA.**


**MEÐ TUDOR**

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja.  
Mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

**TUDOR**



Upphaldsstofustáss Helgu er græni skápurinn sem inniheldur aðallega strigaskósaft Björns.



Skemmtilegir blómáttar keyptir í London.

**ALLTAF**

**VIÐ HÖNDINA**

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
... allt sem þú þarft

Þú færð appið á [visir.is/fbl](http://visir.is/fbl) eða beint í gegnum



Vintage-náttföt sem Helga Dögg heldur mikið upp á og sundbolur sem Björn gaf henni í jólagjöf.



Spegill frá fjölskyldu Björns.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson  
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, [elin@365.is](mailto:elin@365.is), s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, [liljabjork@365.is](mailto:liljabjork@365.is), s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, [heida@365.is](mailto:heida@365.is), s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is), s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, [starri@365.is](mailto:starri@365.is), s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, [vera@365.is](mailto:vera@365.is), s. 512 5357  
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, [atlib@365.is](mailto:atlib@365.is), s. 512 5457 | Jóhann Waage, [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, [olafurh@365.is](mailto:olafurh@365.is), s. 512 5433





Svefnleysi veldur fyrirtækjum töluverðum kostnaði. Menn taka fleiri veikindadaga, sýna minni framleiðni auk þess sem slyshætta eykst. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fyrirtæki meðvitaðri um svefnvanda

Svefnleysi er algengt vandamál og langvarandi svefnleysi hefur slæm áhrif á daglegt líf og heilsu. Það getur einnig leitt til þess að fólk taki fleiri veikindadaga, framleiðni í starfi minnki auk þess sem hætta á slysum eykst. Slíkt getur valdið fyrirtækjum töluverðum kostnaði. **Erla Björnsdóttir** sálfræðingur hefur rannsakað svefnleysi og sérhæft sig í hugrænni atferlismeðferð við kvíllanum.

Sólveig Gísladóttir  
solveig@frettabladid.is



**K**ostnaður fyrirtækja vegna svefnleysis er umtalsverður og rannsóknir sýna að greining og meðhöndlun á svefnleysi skila mikilli hagræðingu fyrir fyrirtæki,“ segir Erla sem bendir á að meðvitund fyrirtækja á mikilvægi þess að takast á við svefnleysi starfsmanna sinna hafi aukist mjög frá því hún, ásamt fleirum, stofnaði [www.betrisvefn.is](http://www.betrisvefn.is) fyrir þremur árum. „Fyrirtæki hafa hingað til einblínt á hreyfingu og næringu þegar haldnar eru svokallaðar heilsuvikur en nú er svefninn æ oftar tekinn þarna inn í líka. Enda er svefninn ein af grunnstoðum andlegs og líkamlegs heilbrigðis.“

## Sofa stutt

Erla segir svefnleysi algengt á Íslandi en samkvæmt rannsóknum sofi Íslendingar frekar stutt. „Íslenska leiðin er að sofa stutt á virkum dögum og bæta sér það upp um helgar. Þetta veldur óreglu á svefnvenjum sem getur þróast út í vítahring og orsakað langvarandi svefnleysi,“ útskýrir Erla. Hún nefnir einnig að hin óvenjulegu birtuskilyrði á Íslandi hafi nokkur áhrif á svefnvenjur.

## Aukin slyshætta

Svefnleysi veldur fyrirtækjum töluverðum kostnaði. „Menn taka

fleiri veikindadaga, sýna minni framleiðni auk þess sem slyshætta eykst,“ segir Erla.

Hún segir hættu á svefnleysi meiri í sumum fyrirtækjum, til dæmis þar sem vaktir séu langar og vinnutímar óvenjulegir. „Þá skiptir miklu máli að fyrirtæki velti þessum hlutum fyrir sér, sér í lagi ef hætta er á slysum,“ segir hún og tekur sem dæmi atvinnubílastjóra og þá sem vinni með vélar og tæki. „Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að þreyta og það að dotta undir stýri, svokölluðum örsvefni, sé orsök í stórum hluta árekstra.“

## Fræðsla er lykilatriði

Erla segir að það að meðhöndla svefnvanda sé bæði til hagsbóta fyrir fyrirtækið og líðan starfsmannsins. En hvað geta fyrirtæki gert? „Fyrst og fremst að fræða starfsmenn um mikilvægi góðra svefnvenja, um helstu svefnsjúkdóma og afleiðingar þess að sofa of lítið,“ svarar Erla sem hefur unnið töluvert með íslenskum fyrirtækjum, haldið fyrirlestra og veitt fræðslu. „Svo höfum við í nokkrum fyrirtækjum skimað fyrir svefnvanda. Þá eru sendir á alla starfsmenn fimm mínútna spurningalistar sem þeir svara nafnlaust. Forstjórinn fær svo skýrslu um hve margir glíma við svefnvanda,“ útskýrir Erla. Næstu skref væru þá til dæmis að bjóða starfsmönnum með svefnvanda niðurgreiðslu á meðferð.



**Erla Björnsdóttir sálfræðingur segir að oft sé hægt að laga svefnleysi á nokkrum vikum. Það geti hins vegar tekið töluvert á enda þarf fólk að breyta venjum sínum. MYND/ERNIR**

## Góður árangur af meðferð

Erla segir hugræna atferlismeðferð, líkt og þá sem boðið er upp á hjá Betri svefni, vera árangursríkustu lausnina við svefnleysi. Rannsóknir hafi sýnt að 80-90% fólks fái góðan bata sem haldist til lengri tíma. „Meðferðin tekur auðvitað á, enda þarf fólk að breyta venjum sínum,“ segir Erla og bætir við að henni þyki sorglegast að fólk bíði alltof lengi með að leita sér hjálpar. „Fólk er stundum búíð að glíma við svefnvanda í áratugi og kemst svo að því að hægt er að leysa vandann á nokkrum vikum.“

## Afleiðingar svefnleysis:

### Orkuleysi

Orkuleysi er ein algengasta afleiðing svefnleysis og lýsir sér í almennum sleni og orkuleysi. Flestir upplifa að verða orkulausir stöku sinnum en hjá svefnlausum er þetta gjarnan viðvarandi allan daginn og kemur niður á daglegu lífi.

### Andleg ofreynsla

Andleg ofreynsla er algeng afleiðing svefnleysis og getur leitt til þunglyndis, kvíða og kulnunar í starfi. Andleg ofreynsla hefur þannig áhrif á bæði tilfinningar og atferli.

### Viðbragðsflýti

Langvarandi svefnleysi hefur neikvæð áhrif á dómgreind, viðbragðsflýti og ákvörðunartöku. Einungis tveggja tíma svefnmissir í eitt skipti getur haft slæm áhrif á viðbragðsflýti, frammistöðu, minni og árvekni.

### Versnandi frammistaða

Þeir sem glíma við langvarandi svefnleysi sýna minni framleiðni í starfi m.a. vegna orkuleysis og neikvæðra áhrifa á minni og árvekni. Þessir einstaklingar taka einnig fleiri veikindadaga frá vinnu.

### Einbeiting

Neikvæð áhrif á minni og árvekni skila sér fljótt í skertri einbeitingu. Rannsóknir sýna að um fjórðungur vinnandi fólks sefur mjög illa og telur sig í kjölfarið eiga erfitt með að einbeita sér í starfi sínu.

### Tilfinningar

Svefnleysi hefur mikil áhrif á tilfinningar og veldur því að fólk upplifir meiri þreytu og kvíða. Einnig er tilfinningastjórnun gjarnan erfið hjá svefnlausum og þirringur og reiði geta brotist fram í auknum mæli. Samfara þessu minnkar metnaður og atorka.

# Líka fyrir þitt fyrirtæki

KVISSLE  
tímaritahirsla  
3.190,-

**17.900,-/stk.**

BEKANT skilrúm

**32.900,-/stk.**

MARKUS skrifborðsstólar

KVISSLE  
hirsla 1.550,-

RIGGAD borðlampar  
með þráðlausri hleðslustöð  
11.850,-/stk.

**29.900,-/stk.**

BEKANT stillanleg skrifborð  
B160xD80, H65-85cm



Fyrirtækjapjónusta IKEA hjálpar þér að spara tíma og peninga með ráðgjöf um vöruval og þjónustu. Hafðu samband á [sala@IKEA.is](mailto:sala@IKEA.is) og kannaðu hvað við getum gert fyrir þig.



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)



# Samband inn í framtíðina

**Boðleið þjónusta** er tæknifyrirtæki sem býður heildarlausn í net- og símamálum fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Boðleið var stofnuð í október 2001 með samningum við NEC og Panasonic um sölu og þjónustu á símalausnum þeirra á Íslandi. Ári síðar voru starfsmenn orðnir fjórir og viðskiptavinum fjölgaði stöðugt ásamt því að þjónusta við önnur símkerfi jókst. „Boðleið byrjaði að setja upp IP-símkerfi og tölvusíma í lok 2002 en kúvending varð árið 2010 þegar við byrjuðum að selja hugbúnaðarsímkerfi frá 3CX. Þá gátum við loksins boðið viðskiptavinum okkar símalausn á sanngjörnu verði og allt innifalið eins og skýrslukerfi, rauntímaupplýsingar fyrir þjónustuver, upptökukerfi, myndfundarbúnaður og margt fleira. Í framhaldi af því fengum við umboð fyrir SIP-símtæki frá Yealink sem eru með mest seldu símtækjum á Íslandi í dag og í öðru sæti á heimsvísu,“ segir Þorvaldur Harðarson, forstjóri Boðleiðar. „Í dag hefur Boðleið á að skipa níu starfsmönnum með mikla reynslu þar sem engin verk eru of stór eða lítil og markmið okkar er að finna bestu lausnina fyrir alla viðskiptavinum með hagræðingu að leiðarljósi.“

Þorvaldur segir ýmislegt hafa breyst á þessum sex árum frá því fyrsta hugbúnaðarsímkerfið rataði til ánægðra viðskiptavina. „Í dag hafa viðskiptavinir okkar möguleika á að kaupa eða leigja lausnina okkar hvort sem er á staðnum eða í hýsingu. Við leggjum mikið upp úr að veita viðskiptavinum okkar ráðgjöf og bendum á leiðir til sparnaðar. Verðskrá okkar er einföld og við gefum fst verð. 3CX-símkerfið okkar tengist á einfaldan hátt við sölu og viðskiptakerfi eins og Microsoft Dynamics, Sales Force, Sage ACT, Office 365 og Zendesk svo dæmi séu tekin og einnig útbúum við sérlausnir eftir þörfum fyrirtækja.“

Boðleið er stærsti símkerfajónustuaðili hótela á Íslandi. „Hótellausnir eru

stór partur af þjónustu okkar. Fyrsti viðskiptavinur okkar var Grand hótél sem við höfum þjónustað síðan 2001 en síðan hafa bæst við Fosshótél, KEA hótél og Bláa lónið auk fjölda annarra hótela og gistiheimila,“ segir Þorvaldur sem rekur góðan árangur í hótellausnum til mikillar reynslu, góðrar þjónustu og einfaldrar verðlagningar. „Einnig erum við með yfir 30 útfærslur af sérmerktum hótelsímtækjum en vel merkt símtæki á herbergjum með upplýsingum um hótelið ásamt þeirri þjónustu sem hótelið býður upp á einfalda gestum aðgang að þjónustu.“ Hann bendir einnig á nýja lausn sem Boðleið býður viðskiptavinum sínum í hótélgeiranum. „Nú er hægt að fá snjalltölvur á herbergin þar sem gestur getur séð allar upplýsingar um þjónustu á hóteli, stýrt ljósum og gluggatjöldum, pantað ýmsa þjónustu beint úr tölvunni ásamt vakningu og skráð sig úr herberginu.“

Boðleið býður hótélum einnig netlausnir ásamt þráðlausum lausnum fyrir gesti og starfsmenn, þar sem hægt er að hafa yfirsýn og stýra hraða og niðurrhali. Auk þess má nefna að Boðleið er með kallkerfi fyrir hótél og veitingastaði sem tengjast símkerfi, dyrasíma með myndavél og margt fleira.

Auk þessarar víðtæku starfsemi á Íslandi er Boðleið í samstarfi við fjórtán endursöluaðila í Noregi. „Þar erum við að selja og þjónusta 3CX-símkerfi og Yealink-síma sem við höfum umboð fyrir og síðan í nóvember 2013 höfum við aðstoðað þessa endursöluaðila við sölu- og tæknilega ráðgjöf og þjónustu. Á meðal verkefna eru hótél og bæjarfélög en til gamans má geta að stærsta uppsetning á 3CX í Noregi er bæjarfélag með 5.000 símanotendur sem nota tölvusíma gegnum eitt og sama kerfi.“ Það er því ljóst að Boðleið er með sambandið inn í framtíðina.



Þorvaldur Harðarson, sölustjóri Boðleiðar, með nokkrar af þeim yfir þrjátíu tegundum símtækja sem fyrirtækið býður upp á.

## Góður andi er gulli betri

Verðmætasta eign hvers fyrirtækis er starfsfólkið og mikilvægt að gæta vel að þeirri auðlind. Líðan starfsmanna í vinnunni gerir gæfumuninn hvað varðar viðhorf til vinnuveitanda og vinnustaðar og getur haft gríðarleg áhrif á afköst og framlegð fyrirtækja, vöxt og viðhald. Óánægt starfsfólk er áhugalaust, mætir verr, lendir í útistöðum á vinnustaðnum, talar illa um vinnustaðinn og skilar verkefnum seinna og verr af sér. Ýmsar leiðir eru til að efla starfsandann í fyrirtækinu og hér koma nokkrar uppástungur.

### Dansa saman

Samdans hefur löngum verið vinsæl skemmtun í gæsapartíum og óvissuferðum. Ástæðan er einföld. Dans losar um hömlur og býr til endorfín í líkamanum. Skemmtilegur danskennari getur verið á við besta uppistandara og þegar saman fer hlátur og hreyfing verða til góðar minningar.

### Leiklist

Leiklistaræfingar snúast líka um að losa um hömlur og svo er mikið unnið með traust. Traust er gríðarlega mikilvægt á vinnustað og þess vegna er leiklist afar góður samhristari.

### Velgjörðir

Að gera vel við starfsfólk skilar sér margfalt til baka. Allt frá því að bjóða upp á ís eða köku öðru hvoru og yfir í að bjóða starfsfólkinu á stórtónleika eða til útlanda í árshátíðarferð getur gert gæfumuninn.

### Starfsmannaferðir

Skipulagðar óvissuferðir eru vel til þess fallnar að hrista saman mannskapinn og ekki verra



Þrjónaklúbbur eða leshringur í vinnunni glæðir starfsandann.

ef ratleikur fylgir með. Það er kannski ráð að hafa samband við áfangastaði ratleiksins áður en hann er settur af stað, svona ef einhver nennir ekki að fá hópa af hressu fólki inn á gafl hjá sér.

### Sveigjanlegur vinnutími

Það getur gert gæfumuninn fyrir starfsánægju að finnast maður ekki vera þræll stimpilklukkunnar. Og skilar sér í betri afköstum ef eitthvað er.

### Félagslíf innan vinnutíma

Það er mikilvægt að hlakka til að fara í vinnuna. Ef gefið er svigrúm fyrir lengra morgunkaffi sem helgað er bóka-, skák- eða þrjónaklúbbi einu sinni í mánuði gefst starfsfólki færi á að kynnast og bindast vinaböndum.

### Pottar

Veðmál á vinnutíma eru góð skemmtun. Þetta vita allir sem hafa tekið þátt í rauðvínspotti, kökupotti, nammipotti eða hefðarsúkkulaðipotti sem snýst um að komast næst því hvernig úrslitin verða í Evrópukeppninni í fótbolta, Evrópusöngvakeppninni, atkvæðagreiðslum um veru í Evrópusambandinu



Potturinn í vinnunni þarf ekki alltaf að vera upp á vinnu. Hvað með einn góðan súkkulaðipott næst þegar Ísland keppir í einhverju?

eða öðru sem tengist Evrópu ekki neitt.

### Gott mótuneyti

Góður matur og gott kaffi gerir glaðara starfsfólk. Punktur.



Flestir fyrirgefna ýmislegt bara ef kaffið er gott í vinnunni.



Vinnustaðahópefli getur slagað upp í meðal dimmisjón allt eftir metnaði og elju.



Ratleikir snúast oft um að leysa verkefni. Hér hefur einhver blaðrað yfir sig.

## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 • landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 896 2312



Sveinn Eyland  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 690 0820



Kristján Ólafsson  
Hfl.  
Löggiltur  
fasteignasali



Þórarinn Thorarinn  
Sölustjóri  
Sími 770 0309



Eggert Mariúson  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
Sími 690 1472



Guðrún Dilljá  
Lüðviksdóttir  
skjalagerð



Benedikt Ólafsson  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
Sími 661 7788



Nadia Katrín  
Sölufulltrúi  
Sími 692 5002



Helga Snorraddóttir  
Skjalavinnsla

## Skemmtileg íbúð fyrir 55+

Heimili fasteignasala hefur til sölu glæsilega og vandaða endaíbúð á 2. hæð í Boðarþingi 6. Í húsinu eru íbúðir fyrir 55 ára og eldri.

Íbúðin er í viðhaldslitlu lyftu-húsi en stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.

Komið er inn í anddyri með flísam og góðum fataskáp. Hol/gangur er með parketi og fataskáp. Í stóru og vel heppnuðu rými er eldhús, borðstofa, stofa og sólskáli. Eldhúsið er með fallegri eikarinnréttingu og borðplötur eru úr graníti. Tæki eru vönduð, frá AEG, flísar eru á gólfi í eldhúsi en parket á stofum, flísar eru í sólskála.

Úr sólskálanum er gengið út á góðar svalir í suður. Stór hjónasvita sem í er stórt parketlagt hjónaherbergi, glæsilegt flisalagt baðherbergi með innréttingu og sturtuklefa og einnig parketlagt fataherbergi með góðum innréttingum.

Í íbúðinni er einnig rúmgott herbergi með parketi og fata-



Heimili fasteignasala hefur til sölu glæsilega og vandaða endaíbúð á 2. hæð í Boðarþingi 6.

skápum, baðherbergi með flísam, innréttingu og sturtuklefa, og þvottahús með flísam á gólfi og vandaðri innréttingu.

Í kjallara er rúmgóð sér geymsla ásamt sameiginlegri hjólageymslu.

Húsið er á reit sem Húsvirki hf. og Hrafnista DAS fengu úthlutað til skipulagningar fyrir almennar íbúðir, þjónustuíbúðir,

hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð aldraðra. Um er að ræða óvenju skemmtilega skipulagt svæði sem myndar kjarna í kringum hjúkrunaríbúðir og þjónustumiðstöð aldraðra á vegum Kópavogsbæjar og Hrafnistu DAS.

**Frekari upplýsingar veitir Finnþogi Hilmarsson fasteignasali, finnþogi@heimili.is.**

Háholt 14, Mosfellsbær  
Sími: 588 5530 • berg@berg.is www.berg.is  
GSM 897 0047

**Pétur Pétursson**  
lögg. fasteignasali  
Petur@berg.is

**Engjasel 53** 49,9m  
Opið hús þriðjudaginn 23. ágúst kl. 17:00 - 17:30

*Opið hús*

Viltu vita hvers virði þín eign er? Frítt verðmat

- Endaraðhús á 3 hæðum
- Húsið er skráð skv. þí 168 fm
- Stæði í lokuðu bílskýli fylgir
- Eignin samtafs skráð 204,6 fm
- 4 svefnherbergi
- 2 baðherbergi
- 2 verandir og 2 svalir
- Sólskáli og heitur pottur

Elin Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali s: 788 6464 • elin@islandskafasteignasalan.is  
Guðrún H. Ólafsdóttir Hfl./Lögg. fasteignasali s: 845 7445 • gudrun@islandskafasteignasalan.is  
PRO.Íslenska fasteignasalan kt: 630516-0720

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is

KJARNAN - PVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

**Grenibýggð 36 -270 Mosfellsbær**

Tvö rúmgóð svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Stórar samliggjandi stofur. Falleg aðkoma er að húsinu, bílaplan og gönguleið að húsi er hellulögð. Suður og vesturhluti lóðarinnar er mjög miklu skjóli og þar er stórar timburverandir og mikill trjágróður, rétt við veröndina rennur lækur með tilheyrandi stemningu. Þetta er afar glæsilegt og vel skipulagt einbýli á mjög sérstakri og fallegri lóð í Mosfellsbænum. V. 89,5 m.

**Efstaland - 270 Mosfellsbær**

Glæsileg 165,2-166,7 m2 radhús á tveimur hæðum með bílskúr. Húsin standa á góðum stað hátt í hverfinu. Húsin er tilbúin til afhendingar í dag og afhendast fullbúin með gólfefnum (ekki gólfefni á geymslu og bílskúr). HTH innréttingar. Lóð er grófjöfnuð í rétta hæð. Á jarðhæð er forstofa, snyrting, eldhús, stofa, bílskúr og geymsla. Á efri hæðinni eru þrjú svefnh. og baðh. Stórar svalir eru yfir bílskúr. V. 54,9-55,9 m.

**Rauðamýri 1 - 270 Mosfellsbær**

Björt og falleg 144 m2, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð með mikilli lofthæð og glæsilegu útsýni, ásamt bílastæði í bílajakallara í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, þvottahús, baðherbergi, eldhús og stofu. Gott skipulag. Stór útsýnisgluggi í stofu. V. 43,9 m.

**Gnoðarvogur 40 - 104 Rvk.**

**Laus strax**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

74,4 m2, 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í fjöggra hæða fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í tvö herbergi, hol, baðherbergi, eldhús og stofu. V. 29,8 m.

**Klukkanrími 83 - 112 Rvk.**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

Falleg 101,5 m2, 4ra herbergja endaíbúð með sérinnangi á 2. hæð við Klukkanrími 83 í Garfargötu. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, forstofu, hol, eldhús og stofu. Sérgeymsla á jarðhæð. Gott skipulag og fallegt útsýni. V. 33,9 m.

**Asparlundur 1 - 270 Mos.**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

234,8 m2 einbýlishús á tveimur hæðum og rúmgóðum tvöföldum bílskúr. Eignin skiptist í fjögur herbergi, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús, forstofu, sjónvarpshol, stofu og borðstofu. Rúmgóður bílskúr og er geymsla innaf honum og gott geymsluloft. 940 m2 eignarlóð. Stórar timburverandir og fallegur garður. V. 76,5 m

**Prastarhöfði 1 - 270 Mosfellsbær**

**OPIÐ HÚS**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Falleg 115,6 m2, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð með glæsilegu útsýni og bílastæði í bílajakallara í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla í kjallara. Þetta er frábær staðsetning, leikskóli, grunnskóli, sundlaug og líkamsrækt í næsta nágrenni. V. 40,9 m.

**Laufengi 3 , íbúð 301 - 112 Reykjavík**

**OPIÐ HÚS**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

Opið hús þriðjud. 23. ágúst frá kl. 17:30 til 18:00

Björt og rúmgóð 113,2 m2, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Stæði í opinni bílageymslu fylgir eigninni. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, forstofu, gang, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla á jarðhæð. Gott skipulag. Tvennar svalir. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. V. 34,6 m.

**Hjallahlíð 19A - 270 Mosfellsbær**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

Falleg 117,4 m2, 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi og 25,7 m2 bílskúr við Hjallahlíð 19A í Mosfellsbæ. Stór timburverönd með heitum potti og afgirtur garður í suðvestur. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, geymslu, eldhús, stofu og borðstofu. V. 45,5 m.

**Tröllateigur 43 -270 Mosfellsbær**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

Glæsileg 150 m2 4-5 herbergja íbúð, ásamt óskráðu 14 m2 geymslulofti, með sérinnangi á 2. hæð við Tröllateigur 43 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í 3-4 herbergi, baðherbergi, þvottahús, geymslu, forstofu, eldhús, sjónvarpshol, stofu og borðstofu. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og gólfefni. Mikil lofthæð með innbyggðri lýsingu. Svalir í suðvestur. Mjög fallegt útsýni er frá húsinu. V. 48,7 m.



**FASTEIGNA  
MARKAÐURINN** ehf.



**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**  
hdl. og lögg. fasteignasali  
heimir@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**  
Lögg. fasteignasali  
magnus@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
gisli@fastmark.is



**Hallveig Guðadóttir**  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Vegna mjög mikillar sölu vantar okkur 2ja – 4ra herbergja íbúðir í póstnúmerum 101, 104, 105, 107, 108, 200, 201 og 210. Skoðum og verðmetum samdægurs

### Stafnasel 1. Vel staðsett einbýlishús.



**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**

Virkilega fallegt og mikið endurnýjað 254,4 fm. einbýlishús á 750,0 fm. glæsilegri lóð við Stafnasel. Mögulegt er að gera auka íbúð í bílskúr, sem er 69,4 fm. að stærð. Einnig er hægt að hafa 5 svefnherbergi í húsinu. Nýlegar og vandaðar innréttingar og tæki eru í eldhúsi. Baðherbergi er nýlega endurnýjað og gólfefni að stærstum hluta.

Eignin er virkilega vel staðsett á fallegum og skjólsælum útsýnisstað. Örstutt frá Öldusels-skóla, tveimur leikskólum, ÍR-svæðinu og nokkurra mínútna gang í Salalaug í Kópavogi. Verið velkomin.

**Verð 79,9 millj.**

### Frostaskjól. Glæsilegt endaraðhús.



Virkilega fallegt og vandað 285,1 fm. endaraðhús á þremur hæðum að meðöldum bílskúr á þessum eftirsóttasta stað við Frostaskjól. Húsið er teiknað að innan af Finni Fróðasyni, arkitekt og Stanislav Bohic hannaði lóð hússins. Stórar og bjartar stofur með mikilli lofthæð. Borðstofa með útgengi á skjólsæla verönd. Fjögur herbergi. Hús að utan nýlega málað.

Eignin er vel staðsett með Grandaskóla, íþróttastöðu KR, tónlistarskóla o.fl í góðri göngufjarlægð.

**Verð 89,5 millj.**

### Austurkór – Kópavogi. Ný parhús.



143,9 fm. parhús á einni hæð að meðtaldri bílgeymslu við Austurkór í Kópavogi. Húsin afhendast fókheld að innan, en fullfrágengin að utan. Gler og gluggar eru komið og einnig útihurðir og bílskúrhurðir. Lóðir verða fullfrágengnar, tyríðar og með timburveröndum. Hiti verður í hellulögðum stéttum fyrir framan húsin.

Frágangi á lóð verður lokið 15. október nk. en hægt verður að afhenda eignina strax við kaupsamning.

**Verð 46,5 millj. og 48,5 millj.**

### Hvassaleiti. Parhús.



Vandað og vel skipulagt 215,3 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á þessum eftirsóttasta stað.

Rúmgóðar samliggjandi stofur með útgengi í skála. Hjonasvita með fataherbergi og baðherbergi og tvö minni herbergi. Möguleiki er að hafa 4 herbergi með því að breyta fataherbergi í svefherbergi. Ofanbirta og mikil lofthæð í holi efri hæðar. Svalir til norðvesturs.

Lóðin er ræktuð og með tveimur veröndum með skjólveggjum og fallegum gróðri.

**Verð 84,9 millj.**

### Fellsás- Mosfellsbæ. Parhús. Tvær íbúðir.



267,7 fm. parhús á tveimur hæðum á glæsilegum útsýnisstað í Mosfellsbæ með innbyggðum 33,3 fm. bílskúr. Búið er að loka á milli efri og neðri hæðar og er nýtt í dag sem sitt hvor hæðin. Auðvelt er að opna aftur á milli hæða. Auk þess er búið að útbúa 32,2 fermetra stúdíó íbúð undir bílskúr með baðherbergi og eldunaraðstöðu. Aukin lofthæð er á efri hæð eignarinnar og svalir til vesturs.

Eignin er í enda botnlanga með óhindruðu útsýni yfir sundin, Snæfellsjökul og Esjuna.

**Verð 64,9 millj.**

### Garðabær. Glæsilegt einbýlishús niður við lækinn



Glæsilegt og mjög mikið endurnýjað um 500,0 fm. einbýlishús á frábærum stað niður við lækinn í Garðabæ.

Eignin er endurnýjuð á hlýlegan, vandaðan og smekklegan hátt.

Garðurinn er endurhannaður og með harðviðarveröndum, heitum potti og lýsingu.

Einstök staðsetning. Frábært útsýni.

### Glæsilegt sumarhús á eignarlandi - Kerhraun Grímsnesi



Virkilega glæsilegt 126,6 fm. sumarhús, að meðtalinni 12,0 fm. geymslu, á 5.780 fm. frábæra staðsettri eignarlóð við Kerhraun í Grímsnesi.

Stór verönd er við húsið og frá húsi og verönd nýtur mjög fallega útsýnis. Hitaveita er komin að húsinu. Stór og björt stofa. Þrjú herbergi. Innbú, utan persónulegra muna, fylgir með eigninni.

Á lóðinni hefur verið útbúinn fótboltavöllur fyrir börn með trjágróðri í kring og aðkeyrsla að húsinu er lögð rauðamöl.

**Verð 39,9 millj.**

### Hamraborg - Kópavogi. Verslunar- og skrifstofuhúsnæði.



296,2 fm. verslunar/ skrifstofuhúsnæði á tveimur hæðum á frábærum stað í Hamraborg í Kópavogi.

